



MS ritgerð
Mannauðsstjórnun

Ungir atvinnuleitendur

Viðhorf þeirra til vinnumarkaðarins, skóla og atvinnuleysis

Laufey Gunnlaugsdóttir

Leiðbeinandi Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Viðskiptafræðideild

Útskriftarmánuður október 2011



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ungir atvinnuleitendur

Viðhorf þeirra til vinnumarkaðarins, skóla og atvinnuleysis.

Laufey Gunnlaugsdóttir

Lokaverkefni til MS-gráðu í viðskiptafræði

Leiðbeinandi: Gylfi Dalmann Aðalsteinsson

Viðskiptafræðideild

Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Október 2011

Ungir atvinnuleitendur

Ritgerð þessi er 30 eininga lokaverkefni til MS prófs við
Viðskiptafræðideild, Félagsvísindasvið Háskóla Íslands.

© 2011 Laufey Gunnlaugsdóttir

Ritgerðina má ekki afrita nema með leyfi höfundar.

Formáli

Rannsóknarverkefni þetta er 30 ECTS eininga lokaverkefni í mannauðsstjórnun við Viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og er hluti af 90 eininga meistaranámi. Verkefnið er unnið undir leiðsögn Gylfa Dalmann Aðalsteinssonar dósent við Háskóla Íslands. Honum þakka ég ánægjulegt samstarf, góð ráð og hvatningu. Viðmælendum í rannsókninni þakka ég fyrir að gefa sér tíma og deila með mér skoðunum sínum og upplifun á stöðu sinni. Fjölskyldu, vinum og samstarfsmönnum þakka ég fyrir stuðning og þolinmæði á meðan vinnunni stóð.

Áhugi minn á efninu tengist bæði persónulegri reynslu og fræðilegum áhuga á efninu. Ég starfa sem náms- og starfsráðgjafi hjá Vinnumálastofnun og hef tekið þátt í átaksverkefninu Ungt fólk til athafna sem er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar og Félags og Tryggingarmálaráðuneytisins. Markmiðið með áttakinu er að virkja ungt atvinnulaust fólk. Í starfi mínu hitti ég mikið af ungu atvinnulausu fólki sem hefur margt áhugavert að segja. Þessir ungu atvinnuleitendur kveiktu áhuga minn á því kanna betur upplifun þeirra á vinnumarkaðinum, skólakerfinu og atvinnuleysinu.

Reykjavík 20. ágúst 2011

Laufey Gunnlaugsdóttir

Útdráttur

Tilgangurinn með þessu lokaverkefni var að skoða hvernig vinnumarkaðurinn, atvinnuleysið, skólinn og sú ráðgjöf sem þar er í boði snýr að ungu atvinnulausu fólki. Átakið Ungt fólk til athafna er sérstaklega skoðað en það er átaksverkefni sem ætlað er að styrkja stöðu ungra atvinnuleitenda. Ungt fólk er hlutfallslega fjölmennasti hópurinn á atvinnuleysisskránni. Efnahagsþrengingar bitna verst á ungu ómenntuðu fólki en 76% ungra atvinnuleitenda hefur ekki lokið neinni formlegri menntun eftir grunnskóla.

Tekin voru átta eigindleg viðtöl við unga atvinnuleitendur sem ekki höfðu lokið neinu formlegu námi. Tilgangurinn var að fá þeirra sýn á stöðu mála og fá hugmyndir hvað mætti betur fara.

Niðurstöðurnar benda meðal annars til þess að skólakerfið sé ekki að koma til móts við stóran hóp ungs fólks. Mikil áhersla á bóknám og lítil áhersla á náms- og starfsfræðslu og ónóg eftirfylgni og ráðgjöf er meðal annars nefnt sem skýring hvers vegna brottfall úr framhaldsskóla er eins hátt og raun ber vitni. Allir þátttakendur vilja auka við færni sína og mennta sig eitthvað meira en vita síður hvert þeir eigi að stefna. Vinnumarkaðurinn gerir sífellt meiri kröfur um menntun, störfum fyrir ófaglærða starfsmenn fækkar stöðugt og því upplifir ungt ómenntað fólk að það hafi lítið val um spennandi störf. Þeim finnst þau sitja eftir þar sem þau hafi litla menntun og starfsreynslu. Þátttakendur bera sig almennt nokkuð vel í atvinnuleysinu en segjast vera orðnir leiðir á ástandinu. Flestir eru sáttir við átakið Ungt fólk til athafna og telja að námskeiðin sem þeir hafa sótt í tengslum við átakið muni styrkja stöðu þeirra. Þátttakendur telja þó að meiri áherslu mætti leggja á starfsþjálfun samhliða því að sækja námskeið.

Efnisyfirlit

Formáli.....	3
Útdráttur.....	4
Efnisyfirlit.....	5
Myndaskrá.....	7
1 Inngangur	8
1.1 Uppbygging ritgerðar	9
2 Vinnumarkaðurinn	10
2.1 Almenn um íslenskan vinnumarkað.....	10
2.2 Ólíkar kynslóðir á vinnumarkaði.....	11
2.3 Ungt fólk og vinnumarkaðurinn.....	12
2.3.1 Möguleikar á starfi	13
2.3.2 Laun	15
2.4 Kröfur til starfsmanna	16
2.5 Hvaða störf verða í boði?	17
2.6 Hvert stefna íslenskir nemendur?	18
3 Menntunarstig Íslendinga.....	20
3.1 Samanburður við aðrar þjóðir	20
3.2 Átak til þess að hækka menntunarstigið.....	21
3.3 Brottfall úr framhaldsskóla.....	23
4 Náms- og starfsfræðsla.....	25
4.1 Náms og starfsfræðsla í íslenskum skólum	25
4.2 Starfsval.....	27
5 Ungt fólk og atvinnuleysi.....	29
5.1 Afleiðingar atvinnuleysis á ungt fólk	29
5.2 Menntunarstig ungra atvinnuleitenda.....	30
5.3 Hvaða leiðir hafa verið farnar?.....	31
6 Ung fólk til athafna	33
6.1 Átak fyrir ungt atvinnulaust fólk.....	33
6.1.1 Námsúræði.....	35
6.1.2 Starfstengd virkniúræði	35
6.1.3 Árangur átaksins.....	36
7 Rannsóknin.....	38

7.1	Rannsóknaraðferð.....	38
7.2	Gagnaöflun og úrvinnsla.....	39
7.3	Viðmælendur.....	40
8	Niðurstöður.....	42
8.1	Atvinnuleysið.....	42
8.2	Skólagangan.....	45
	8.2.1 Námsárangur og stuðningur heima fyrir.....	45
	8.2.2 Hvers vegna hættu þau í námi, er eitthvað sem skólinn getur gert?..	48
8.3	Náms- og starfsfræðsla.....	54
8.4	Ungt fólk til athafna.....	57
8.5	Vinumarkaðurinn.....	61
9	Umræður.....	65
10	Lærdómur.....	72
11	Lokaorð.....	74
12	Heimildaskrá.....	75
13	Viðaukar.....	83
	Viðauki 1.....	83
	Viðauki 2.....	85

Myndaskrá

Mynd 1. Samanburður á menntunarstigi atvinnulausra og vinnuaflsins	22
Mynd 2 Atvinnuleysi eftir aldri.	29
Mynd 3. Menntun ungra atvinnuleitenda á aldrinum 16-24 ára í maí 2011.	31
Mynd 4. Fjöldi ungra atvinnuleitenda eftir landsvæðum	37

1 Inngangur

Í lok árs 2008 urðu miklar breytingar í íslensku samfélagi. Verulegir brestir komu í efnahagskerfið sem hafði þær afleiðingar að íslensk fyrirtæki þurftu að hagræða og segja upp starfsfólki. Atvinnuleysi jókst því mjög hratt og margfaldaðist á nokkrum mánuðum.

Atvinnuleysi meðal ungs fólks jókst hraðar en hjá öðrum hópum og allt frá hrúni hefur hlutfall þeirra á atvinnuleysisránni verið hvað hæst. Það er þekkt staðreynd að þegar efnahagsþrengingar ganga yfir þá bitna þær verst á ungu fólki. Ungt fólk hefur styttri starfsreynslu og oft og tíðum minni menntun. Því er það sá hópur sem oftast en ekki fær fyrst að fjúka. Ungt fólk sem ekki hefur lokið formlegu námi eftir grunnskóla fer hvað verst út úr efnahagsþrengingum.

Í þessari rannsókn verður sjónum beint að ungum atvinnuleitendum með það fyrir augum að skoða stöðu þessa hóps á vinnumarkaðinum og framtíðarmöguleikum þar. Athugað er hvernig hópurinn upplifir atvinnuleysið og í ljósi þess hversu hátt hlutfall hópsins hefur ekki lokið prófi eftir grunnskóla, verður sérstakri athygli beint að skólagöngunni og þeirri náms og starfsfræðslu sem hópurinn fékk í grunnskóla. Í lokin verður átakið Ungt fólk til athafna sérstaklega skoðað en það er samstarfsverkefni Vinnumálastofnunar og Félags og Tryggingaráðuneytisins sem miðar að því að koma ungu atvinnulausu fólki í virkni.

Í rannsókninni er stuðst við eigindlega rannsóknarhefð og tekin eigindleg viðtöl við átta unga atvinnuleitendur í þeim tilgangi að varpa ljósi á stöðu þessa hóps.

Leitað verður svara við eftirfarandi spurningum:

- Hvernig er líðan þeirra í atvinnuleysinu?
- Hvernig gekk skólaganga þeirra fyrir sig?
- Hvernig var náms og starfsfræðslu háttáð í grunnskólanum?
- Hver er reynsla þeirra af vinnumarkaðinum?
- Hvaða skoðun hafa þau á átakanu Ungt fólk til athafna og hvað má betur fara?

Þessum spurningum er ætlað að varpa ljósi á það hvað unga fólkið telur að hægt sé að gera til þess að undirbúa það fyrir vinnumarkaðinn og bæta stöðu þess þar.

1.1 Uppbygging ritgerðar

Ritgerðin skiptist í grófum dráttum í tvennt. Fyrri hlutinn er fræðileg umfjöllun um þætti sem tengjast rannsóknarspurningum. Hann hefst með inngangi sem útskýrir efnisval og uppbyggingu ritgerðar. Í kafla tvö er fjallað um íslenska vinnumarkaðinn og athyglinni beint að vinnumarkaði unga fólksins, framtíðarvinnumarkaði og hvert íslenskir nemendur stefna. Í þriðja kaflanum er fjallað um menntun íslensku þjóðarinnar og átak til að hækka menntunarstigið hér á landi. Í kaflanum er athyglinni sérstaklega beint að brottfalli nemenda úr framhaldsskólum og hvað sé til ráða. Í kafla fjögur er sjónum beint að náms og starfsfræðslu og náms og starfsvali. Fimmti kafla fjallar almennt um ungt fólk og atvinnuleysi. Í kafla sex er síðan fjallað um átakið Ungt fólk til athafna um framkvæmd þess og árangur.

Í seinni hluta ritgerðarinnar er rannsókninni gerð skil. Sjöundi kafla lýsir aðferðafræðinni sem notuð var við framkvæmd rannsóknarinnar. Í áttunda kafla eru niðurstöður reifaðar. Í níunda kafla eru niðurstöður dregnar saman og settar í samhengi við fræðin, þar sem leitast verður við að svara þeim spurningum sem lagt var af stað með í upphafi. Í tíunda kafla er dreginn saman lærdómurinn af þessari rannsókn, lokaorðin koma síðan í kafla ellefu.

2 Vinnumarkaðurinn

2.1 Almennt um íslenskan vinnumarkað

Atvinnuþátttaka á Íslandi hefur undanfarin ár verið ein sú mesta í OECD ríkjunum. Árið 2010 fór atvinnuþátttaka í fyrsta skipti í 20 ár niður fyrir 80%, það er hlutfall starfandi á vinnumarkaði (Sveinn Agnarsson, 2010). Hlutfall Íslendinga starfandi á vinnumarkaðinum á öðrum ársfjórðungi 2011 var 75,9% (Hagstofa Íslands, 2011-a). Önnur einkenni íslensks vinnumarkaðar hefur verið sveigjanleiki, almenn stéttarfélagsaðild, lágt menntunarstig, lítið atvinnuleysi og langur vinnudagur (Eiríkur Hilmarsson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2009; Katrín Ólafsdóttir, 2008).

Þessi mikla vinnusemi Íslendinga hefur mikil áhrif á efnahag landsins. Háar þjódartekjur eru raktar til þess hversu mikil atvinnuþátttaka er héraendis. Langur vinnudagur skýrir að miklu leiti hversu há landsframleiðsla er hér miðað við önnur OECD ríki. Hér á landi er starfsævin einnig lengri en í öðrum OECD löndum þar sem eftirlaunaaldur er hærri en gengur og gerist (Katrín Ólafsdóttir, 2008).

Sveigjanleiki vinnumarkaðar segir meðal annars til um það hversu hratt eða auðveldlega vinnumarkaðurinn geti aðlagð sig að breytingum eins og efnahagsþrengingum (Cazes og Nesporova, 2003). Á sveigjanlegum vinnumarkaði sveiflast atvinnuþátttaka og lagar sig að efnahagslífinu á hverjum tíma. Þetta birtist meðal annars í því að fyrirtæki geta mætt breytingum í umhverfinu á skjótan og skilvirkan hátt (Katrín Ólafsdóttir, 2008). Í ljósi þessa gátu íslensk fyrirtæki strax hafist handa við að hagræða og endurskipuleggja þegar efnahagskreppan skall á haustið 2008. Hagræðingin fólst meðal annars í því að segja upp starfsmönnum og því jókst atvinnuleysi hér á landi mjög hratt á nokkrum mánuðum (Karl Sigurðsson, 2009).

Á Íslandi líkt og annarsstaðar í heiminum hefur vinnumarkaðurinn þurft að takast á við mjög miklar breytingar undanfarin ár. Atvinnuhættir á Íslandi breyttust mikið á síðustu öld. Hraði breytinganna var svo mikill að frá 1900-1950 flutti helmingur þjóðarinnar úr sveitum til þéttbýlisstaða. Þessar breytingar hafa haft í för með sér algjöra umbyltingu á uppbyggingu vinnumarkaðarins (Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson, 2002). Með breytingum á vinnumarkaðinum hafa kröfur til starfsmanna breyst mikið. Þróunin í hinum vestræna heimi hefur verið sú að störfum í iðnaði hefur fækkað og störfum við þjónustu hefur fjölgað mikið (Barham, Walling, Clancy, Hicks

og Conn, 2009). Í dag eru fjölmennustu starfsstéttirnar á Íslandi sérfræðingar, þjónustu og verslunarfólk (Hagstofa Íslands, 2011-b).

2.2 Ólíkar kynslóðir á vinnumarkaði

Á vinnumarkaðinum eru ólíkar kynslóðir með ólík viðmið og væntingar sem taka mið af því umhverfi sem þær hafa að mestu leyti alist upp við. Hvert lífsskeið hefur sínar eigin þarfir sem koma þarf til móts við (Beardwell, Holden og Claydon, 2004).

Eldri kynslóðir á vinnumarkaðinum eru almennt tryggar og trúar sínum vinnustað og meta starfsöryggi og öruggar tekjur mikils. Ríkjandi viðhorf eldri kynslóðanna er að líta á starfið sem ævistarf. Í þeirra augum er vinnan skylda og leið til að framfleyta sér. Yngri kynslóðir meta tækifæri til að læra nýja hluti mikils, þær kunna að meta viðurkenningu og hrós og vilja reglulega fá endurgjöf á frammistöðu sína. Yngri kynslóðir leggja meiri áherslu á að vinnan sé skemmtileg og fólk fái tækifæri til að þróast áfram (Beardwell og fleiri, 2004; Meredith, Schewe, Hiam & Karlovich 2002).

Yngsta kynslóðin hefur verið kölluð Y- kynslóðin. Þetta er kynslóðin sem er fædd á tímabilinu 1980-2000. Elsti hópur þessarar kynslóðar hefur verið á vinnumarkaðinum í nokkur ár á meðan aðrir eru rétt að koma inn markaðinn. Á næstu árum munu hópar af þessari kynslóð streyma inn á vinnumarkaðinn. Þessi kynslóð hefur alist upp við tölvur og þekkir ekkert annað en að geta nýtt sér tölvur og aðra tækni við störf sín. Þessi kynslóð er von því hafa farsíma við höndina, geta sent sms eða tölvupóst og nálgast allar helstu upplýsingar á netinu. Ungu fólkið er því með mikla tæknikunnáttu og fljótt að tileinka sér nýja hluti á því sviði. Y- kynslóðin er kraftmikil og dugleg til vinnu. Hún hefur alist upp við mikla endurgjöf hvort sem það er frá foreldrum, tölvuleikjum eða skólakerfinu. Hvatning á vinnustöðum er því afar mikilvæg fyrir þessa einstaklinga (Meredith og fleiri, 2002; Guðrún Helga Magnúsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2011). Mikilvægt er fyrir stjórnendur fyrirtækja að gera sér grein fyrir því hversu ólíkar kynslóðir starfsmanna geta verið. Með því að þekkja muninn á kynslóðunum eykur það líkurnar á að hægt sé koma til móts við væntingar og þarfir ólíkra starfsmanna (Stalinski, 2004).

Í niðurstöðum íslenskrar rannsóknar frá 2010 þar sem könnuð var afstaða tíu íslenskra stjórnenda á ýmsum þáttum sem viðkoma Y-kynslóðinni á vinnumarkaðinum kom kynslóðarmunur berlega í ljós. Langflestir viðmælendur voru sammála um að Y-kynslóðin sýndi mun minni tryggð og hollustu en eldri kynslóðirnar. Flestir töldu að Y-kynslóðin byggji yfir mikilli menntun en vantaði reynslu. Þeir töldu að reynsluleysi unga

fólksins væri ákveðið vandamál þegar þeir væru að ráða í störf. Viðmælendurnir töldu að þessi kynslóð hefði metnað og væri drifandi og dugleg. Y- kynslóðin er kröfuhörð og vill vera með í ráðum hvernig vinnan eigi að fara fram en að sama skapi töldu stjórnendur að þau hengdu sig of mikið í starfslýsingar og vildu lítið fara út fyrir þann ramma. Y-kynslóðin er óhrædd við breytingar og nýtur þess að læra nýja hluti og hefur mikla aðlögunarhæfni. Þegar viðmælendur eru spurðir hvernig best sé að virkja Y-kynslóðina segja flestir að best sé að gera það með því að veita þeim tækifæri til þess að þróast í starfi, bjóða upp á sveigjanlegan vinnutíma og möguleika á endurmenntun (Guðrún Helga Magnúsdóttir & Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2011).

2.3 Ungt fólk og vinnumarkaðurinn

Ungt fólk hefur eðli málsins samkvæmt mikla þýðingu fyrir vinnumarkaðinn. Þegar eldri starfsmenn hverfa af vinnumarkaði vegna aldurs þá er þörf á unga fólkinu til þess að taka við. Eldri starfsmenn eru líklegri til þess að hafa aflað sér mikillar þekkingar og færni og því er ekki alltaf auðvelt að fylla í þeirra skörð. Til þess að halda jafnvægi á vinnumarkaði er mikilvægt að huga að því það hvernig ungt fólk getur sem best leyst það eldra af hólmi. Því er mikilvægt að vinnumarkaðurinn og skólakerfið vinni saman (Barham og fleiri, 2009).

Þær formgerðarbreytingar sem orðið hafa á vinnumarkaðinum á síðastliðnum áratug, meðal annars með fækkun starfa í landbúnaði og iðnaði og fjölgun í þjónustustörfum hefur ekki eingöngu breytt fjölda starfa í hinum ýmsu greinum heldur einnig tegundum starfa. Störfin í landbúnaði og iðnaði voru aðallega heilsdagsstörf sem kröfðust lítillar menntunar á meðan fjölgun starfa í þjónustugeiranum hefur þýtt fleiri hlutastörf sem eru þá störf sem ungt fólk í skóla hefur getað leitað í (Felstead, Krahn & Ashton 1999).

Þrátt fyrir mikla aukningu á ósérhæfðum þjónustu og sölustörfum þá hefur störfum fjölgað enn frekar þar sem krafist er meiri menntunar og hæfni. Verslun og þjónusta hefur farið í gegnum miklar breytingar. Áhersla hefur verið lögð á að finna leiðir til þessa að auka sveigjanleika svo fyrirtækin geti brugðist við samkeppni og tryggt gæði vöru og þjónustu. Skipurit hafa verið flött út þannig að mun fleiri starfsmenn bera ábyrgð. Starfsmenn þurfa að vera sveigjanlegri og geta gengið í fleiri verk (Lewis og Ryan, 2008). Þessi þróun gerir enn frekari kröfur um þekkingu og færni starfsmanna og dregur úr möguleikum þeirra sem hafa minni færni og menntun til þess að fá störf á þessu sviði. Atvinnutækifærum þar sem ekki er krafist sérstakrar þekkingar hefur því

fækkað fyrir þá sem óska eftir fullri vinnu en fjölgað fyrir þá sem vilja hlutastörf eins og til dæmis með skóla (Barham og fleiri, 2009; Lewis og Ryan, 2008).

Fækkun starfa í iðnaði hefur haft áhrif á atvinnutækifæri ungs ómenntaðs fólks. Iðnfyrirtækin réðu hlutfallslega mikið af ungu fólki til sín en ný tækni hefur leyst einhæf störf af hólmi sem ungt ódýrt vinnuafli sá um hér áður (Hasluck, 1998).

Aldurssamsetning vinnuafslins er mikilvæg breyta þegar spáð er fyrir um vinnumarkað framtíðarinnar. Vinnumarkaðsfræðingar í Englandi höfðu áhyggjur af því að það myndi vanta ungt fólk inná vinnumarkaðinn í kringum 1990 þar sem fæðingartíðni dróst mjög saman um 1970, auk þess sem ungt fólk er nú mun lengur í skóla en áður fyrr. Þetta gekk ekki eftir og er ein helsta ástæðan sú að nemendur hafa í auknum mæli farið að vinna með skóla (Barham og fleiri, 2009; Hasluck, 1998).

2.3.1 Möguleikar á starfi

Það er fyrst og fremst á valdi vinnuveitenda hvort og þá hvaða starfsfólk þeir ráða til vinnu. Endanlegt markmið með ráðningu hlýtur ávallt að vera að ráða þann hæfasta í starfið. Við ráðningu þurfa vinnuveitendur að veita og meta marga hluti, velja þarf meðal annars fyrir sér launakostnaði sem og þjálfunarkostnaði. Vandí unga fólksins er að það hefur oft minni reynslu og hefur síður aflað sér þekkingar og því þarf það meiri þjálfun. Mörgum vinnuveitendum finnst of mikil áhætta fylgja því að ráða til sín ungt fólk og þjálfna það upp. Þar sem ungt fólk er oft leitandi eru ákveðnar líkur á því að það fari aftur í skóla eða láti af störfum til þess að reyna fyrir sér í annars konar vinnu (Forde, Mac Kenzie og Robinson, 2008; Hasluck, 1998).

Ekki er óalgengt að ungt fólk sé atvinnulaust einhvern tíma eftir að skólagöngu lýkur og þeir sem fá vinnu strax fá ekki endilega starfið sem þeir óskuðu helst eftir. Þessi yfirfærsla er langt frá því að vera auðveld fyrir marga. Ungt fólk kemur inn á vinnumarkaðinn á mjög mismunandi aldri ólíkt því sem áður var. Það að yfirgefa skóla og fara út á vinnumarkaðinn tengist breytingum, bið og óryggi og það ferli að fá vinnu eftir skóla er orðið lengra og flóknara en það var hér áður. Þetta er að sjálfsögðu persónubundið og sumir fá framtíðarstarf fljótt en æ fleiri skipta ítrekað um starf og það tekur þá jafnvel nokkur ár að festa sig í sessi á vinnumarkaðinum (Obadic og Borz, 2008; Yates, 2005). Menn líta þetta tímabil misjöfnum augum. Sumir rannsakendur telja að þetta tímabil þar sem ungt fólk fer á milli starfa og finnur sig ekki sé slæmt fyrir einstaklinginn sem og þjóðfélagið í heild. Lítil framleiðni eigi sér stað á þessu tímabili og því þurfi með öllum ráðum að koma í veg fyrir að slíkt tímabil vari lengi. Aðrir líta

Þetta tímabil mun jákvæðari augum og telja að þarna sé unga fólkið að máta sig við störf og læra inn á ólíkt vinnu og launaumhverfi. Þetta tímabil getur því samkvæmt þessu viðhorfi verið til hagsælda fyrir alla aðila (Obadic og Borz, 2008; Neumark, 2002).

Þegar þeir sem ekki hafa lokið formlegum prófum eftir grunnskóla koma inn á vinnumarkaðinn hafa þeir síður hugmynd um hvað þeir vilja og hvaða færni þeir búa yfir og sýna því síður tryggð við störfin sem þeir sinna. Vinnuveitendur hafa oft litlar væntingar til ómenntaðra starfsmanna og eru því síður tilbúnir að fjárfesta í þjálfun sem brúað gæti bilið á milli þeirrar þekkingar sem krafist er og þeirri færni sem starfsmenn búa yfir. Þeir sem lokið hafa formlegu prófi gera meiri kröfur og vinnuveitendur vita betur hvað hægt er að ætlast til af þeim. Laun þeirra eru almennt hærri og því þurfa vinnuveitendur að réttlæta hærri laun með því að leggja meira í þjálfun þeirra. Menntun gefur því ungu fólki enn frekari forskot á að aðlagast vinnumarkaðinum (Yates, 2005).

Í mörgum löndum Evrópu, aðallega þó í baltneskulöndunum er litið á það sem alvarlegt samfélagslegt vandamál hversu fá atvinnutækifæri eru fyrir ungt fólk og hversu erfitt er fyrir þá ungu að fá vinnu eftir að námi lýkur (Kolev og Saget, 2005).

Ungt fólk á Íslandi hefur átt tiltölulega auðvelt með að fá vinnu þó staðan hafi vissulega breyst eftir efnahagshrunið 2008 en til margra ára gekk ungt ómenntað fólk auðveldlega inn í störf. Í skýrslu frá 2005 sem ber nafnið „Study on early school leavers“ þar sem Evrópuþjóðirnar eru bornar saman, kemur fram að atvinnumöguleikar ungs fólks voru hvergi í Evrópu eins miklir og hér á landi. Atvinnumöguleikar þeirra sem hættu snemma í námi voru ekkert síðri en þeirra sem voru með meiri menntun (ec.europa.eu, 2011).

Í könnuninni Ungt fólk frá 2007 sem gerð var meðal framhaldsskólanema kom fram að um 70% stúlkna á höfuðborgarsvæðinu stunduðu einhverja vinnu með námi og 57% pílta. Athygli vekur að um 22% nemendanna unnu meira en 15 stundir á viku með námi (Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir & Jón Sigfússon 2007).

Áhrif efnahagskreppunnar kemur berlega í ljós ef bornar eru saman tölur úr tveimur sambærilegum rannsóknum sem gerðar voru með stuttu millibili á vinnu ungs fólks með skóla á aldrinum 16-17 ára. Í rannsókn Margrétar Einarsdóttir (2008) þar sem hún skoðaði vinnu með skóla eru niðurstöður þær að 68% hópsins vann með skóla veturinn 2007-2008. Könnun á sama aldurshópi veturinn eftir eða 2008-2009 sýnir að þá hefur

hlutfallið farið niður í 53% (Tinna Ásrún Grétarsdóttir & Gylfi Dalmann, 2010). Þessar niðurstöður endurspeglar þann samdrátt sem var í íslensku efnahagslífi á þessum tíma.

Verslunarstörf eru algengustu störfin sem ungt fólk vinnur með skóla en 42% af þeim sem unnu með skóla á aldrinum 16-17 ára unnu í stórmarkaði eða verslun (Tinna Ásrún Grétarsdóttir & Gylfi Dalmann, 2010). Margrét Einarsdóttir (2010) skoðaði ástæður þess að ungt fólk á aldrinum 13-17 ára vann með skóla veturinn 2007-2008, aðalástæðurnar sem ungt fólk gaf fyrir vinnu með skóla voru launin. Flestir nýttu launin sem vasapening og fæstir notuðu launin til þess að kaupa nauðsynjar þó hlutfall þeirra sem það gerðu hækkaði með aldrinum.

Ungir Íslendingar eru almennt opnir fyrir nýjum tækifærum í vinnu sem sést vel á niðurstöðum könnunar á vegum Evrópusambandsins, „Flash Eurobarometer on Youth”, sem gerð var meðal ungs fólks í þrjátíu og einu Evrópulandi í byrjun árs 2011. Könnunin var gerð meðal ungs fólks á aldrinum 15-31 árs og sýna niðurstöðurnar að um 85% íslendinga á þessum aldri hafa áhuga á því að vinna í öðru Evrópulandi í framtíðinni. Þar af hafa rúm fjörutíu prósent áhuga á því að flytja til útlanda vegna vinnu til langs tíma. Hlutfall þeirra sem vilja flytja til útlanda vegna vinnu reyndist hæst meðal ungmenna á Íslandi, en Svíar, Búlgarar, Rúmenar og Finnar fylgja fast á eftir (Ungt fólk vill vinna í Evrópu, 2011).

2.3.2 Laun

Ungt fólk er í flestum tilfellum með lægri laun en þeir sem eldri eru. Ástæður fyrir aldursbundnum launamun eru nokkrar. Það tekur tíma að ná færni í ákveðnu starfi, bestu störfin gera oft kröfur um reynslu frá fyrri störfum og fólk vinnur sig upp á milli starfa framan af ævinni. Það tekur einnig tíma að sanna sig í starfi og draga athygli að hæfileikum sínum og klifra metorðastigann innan fyrirtækja. Það er ekki nóg að vera hæfur starfsmaður. Oft þarf ungt fólk að bíða eftir að röðin komi að þeim til að fá stöðuhækkun, sú bið getur tekið nokkur ár. Eðli málsins samkvæmt þá hefur ungt fólk oft ekki lokið formlegri menntun þar sem nám er stundað á fyrri hluta ævinnar, en það skilar sér með hærri framleiðni á síðari hluta ævinnar (Ásgeir Jónsson og Steingrímur Arnar Finnsson, 2004; Barham og fleiri, 2009).

Í kjarasamningum er einnig innbyggður launamunur þar sem launataxtar eru lægri fyrir þá sem eru yngri en 18 ára. Taxtarnir taka einnig mið af starfsaldri og þeir sem eru með stutta starfsreynslu fá lægri laun (Efling, 2010).

2.4 Kröfur til starfsmanna

Drucker (1999) hefur skrifað mikið um breytingar á vinnumarkaði. Hann telur að í framtíðinni munu starfsmenn í auknum mæli verða ráðnir vegna þekkingar sinnar. Kröfur til starfsmanna aukast sífellt. Það sé því á ábyrgð starfsmanna að viðhalda hæfni sinni og nauðsynlegt sé fyrir alla að huga að því að þróast í starfi, sækja sér endurmenntun og fylgjast þannig með nýjungum.

Þó kröfur um menntun starfsmanna aukist stöðugt má ekki gleymast að ákveðin persónuleg færni er nauðsynleg óháð menntun starfsmanna. Persónuleg hæfni eins og góð framkoma, kurteisi, samviskusemi, frumkvæði, sveigjanleiki og stundvísi er og verður nauðsynleg færni til þess að fá vinnu og halda henni (Lowry, Molloy & McGlennon, 2008).

Hugtakið starfshæfni er mikið notað í dag. Starfshæfni er flókið hugtak og til eru allmargar skilgreiningar á því hvað felst í að búa yfir starfshæfni. Það að hafa yfir að ráða starfshæfni er ein leið starfsmannsins til þess að þróa með sér sveigjanleika þannig að hann verði hæfari til þess að takast á við hið óútreiknanlega, óstöðuga og oft á tíðum óskýra vinnusamband. Starfshæfni vísar til hæfni, þekkingar og færni einstaklingsins sem og viðhorfum til starfsins (Fugate, Kinicki og Ashforth, 2004). Önnur skilgreining á starfshæfni er að hugtakið vísi til þess að sá sem býr yfir starfshæfni fái vinnu og geti haldið henni. Starfshæfni tengist einstaklingum sem vilja bæta við og viðhalda stöðu sinni á vinnumarkaðinum. Hugtakið vísar bæði til fólks sem ekki er í vinnu en er að leita að starfi og vinnandi fólks. Það að huga að starfshæfni felst meðal annars í því að fylgjast vel með þeim breytingum sem verða á vinnuumhverfinu og sýna frumkvæði og vera tilbúin að tileinka sér ný vinnubrögð og verkferla (McArdle, Waters Briscoe, Hall 2007; Finn, 2000; Fugate, 2006). Starfshæfni einstaklinga veltur því á mjög mörgum þáttum þar á meðal starfsreynslu, menntun og persónubundnum þáttum (Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Eiríkur Hilmarsson, 2009).

Í nýrri íslenskri rannsókn þar sem skoðuð var starfshæfni útskrifaðra meistaranema úr stjórnunartengdu námi við Viðskiptadeild Háskóla Íslands voru niðurstöðurnar á svipuðum nótum. Helstu niðurstöður rannsóknarinnar voru að þeir almennu þættir starfshæfni sem eru metnir hæst eru starfsreynsla, menntun, lærdómsgeta, persónuleiki, aðlögunarhæfni, framkoma og klæðnaður (Helga Rún Runólfsdóttir, 2011).

2.5 Hvaða störf verða í boði?

Í venjulegu árferði breytist vinnumarkaðurinn hratt, talið er að minnst 10% allra starfa séu ný. Með nýju starfi er átt við að það sé minna en 12 mánuðir síðan starfið varð til. Fjöldi starfa hverfa og önnur verða til. Þessi stöðuga endurnýjun starfa er eitt af einkennum sveigjanlegs vinnumarkaðar (Eiríkur Hilmarsson & Gylfi Dalmann Aðalsteinsson, 2009).

Eftir efnahagshrunið hefur áhugi á starfasköpun nýrra fyrirtækja stór aukist hér á landi. Fjöldi frumkvöðlasetra hafa verið stofnuð og ýmsir aðilar hafa lagt sitt af mörkum til þess að ýta undir og hlúa að nýsköpun á Íslandi (Snjólfur Ólafsson og Eyþór Ívar Jónsson, 2010). Vinnumálastofnun hefur boðið upp á vinnumarkaðsúræði þar sem atvinnuleitendur fá tækifæri til þess að þróa sína eigin viðskiptahugmyndir. Í byrjun árs 2009 var verkefninu Starfsorku ýtt úr vör þar sem ungum nýsköpunarfyrirtækjum eru gefin tækifæri til að ráða atvinnulausa í vinnu en atvinnuleysistryggingasjóður greiðir fyrirtækinu atvinnuleysisbætur þeirra sem ráðnir eru í 6 mánuði, upp í launakostnað (Vinnumálastofnun, 2011-a).

Árið 2010 birti atvinnu- og iðnaðarráðuneyti Finnlands niðurstöður rannsóknar á vinnumarkaði landsins þar sem áhrif kreppunnar í upphafi tíunda áratugar síðustu aldar er borin saman við áhrif núverandi efnahagskreppu. Niðurstöðurnar sýna umtalsverðar breytingar á vinnumarkaðinum, í dag eru nær öll ný störf sem verða til í starfsgreinum sem gera kröfur um góða menntun. Þetta gerir þeim sem litla menntun hafa og ungu fólki enn erfiðara fyrir (Heikkilä, 2010). Af þessum niðurstöðum má sjá það svart á hvítu hversu mikilvæg menntun er fyrir einstaklinginn og vinnumarkað dagsins í dag. Vinnumarkaðir norðurlandanna eru frekar áþekkir og því er vel hægt að áætla að staðan hér á landi sé ekki ósvipuð því sem er í Finnlandi.

Hér á landi hefur alveg vantað framtíðarspár um hvernig vinnumarkaðurinn muni þróast og hvernig horfurnar eru í einstökum greinum. Slíkar upplýsingar myndu nýtast nemendum sem og öllum þeim foreldrum og náms- og starfsráðgjöfum sem vilja liðsinna nemendum og veita ráðgjöf um framtíðina.

Skortur á tæknimenntuðu starfsfólki hér á landi hefur þó verið nokkuð í umræðunni upp á síðkastið. Dr. Ari Kristinn Jónsson rektor háskólans í Reykjavík skrifar grein í Fréttatímann í maí 2011 þar sem hann fjallar um þörfina á tæknimenntuðu fólki inn á íslenskan vinnumarkað. Hann telur að þörfin sé hvað mest á þeim sviðum þar sem fyrir séð er að verði mikill vöxtur á næstu árum. Hann segir að þrátt fyrir atvinnuleysi séu

fjöldmörg fyrirtæki í þeirri stöðu að þau geta ekki vaxið á Íslandi vegna skorts á tæknimenntuðu starfsfólki. Að hans mati er Ísland að verða af dýrmætum tækifærum til að nýta sér ávinning af þeim grunni sem er til staðar, jafnframt því að mikil hættu er á að fyrirtæki verði að flytja úr landi eða að minnsta kosti hluta af starfseminni (Fjárfestum í menntun og hugviti til framtíðar, 2011).

Í lok maí 2011 kom heilsíðuauglýsing í dagblöðum frá forráðamönnum yfir tuttugu iðn og tækni fyrirtækja landsins með fyrirsögninni „Hugaðu að framtíðinni- Það eru áhugaverð störf í boði“. Í auglýsingunni er ungt fólk hvatt til þess að fjárfesta í framtíð sinni með menntun. Vísað er í að sárlega vanti tæknimentað fólk til þess að uppfylla þarfir atvinnulífsins og því er fólk hvatt til að skoða nám í greinum eins og verkfræði, tölvunarfræði, kerfisfræði, iðnfræði og tæknifræði (Hugaðu að framtíð þinni, 2011).

Þetta eru áhugaverð skilaboð til unga fólksins og er það mjög jákvætt að sendar séu einhverjar leiðbeiningar um hvar sé þörf á vinnuafli á næstu árum. Vonandi er þetta byrjunin á því að aðilar vinnumarkaðarins verði sýnilegri þannig að tengsl á milli skóla og atvinnulífs verði meiri

Umræðan um það hvort einhverja færni eða þekkingu vanti inn á vinnumarkaðinn hefur almennt ekki verið áberandi hér á landi. Sú umræða sem ratar oftast í íslenska fjölmiðla er að ekki sé hægt að ráða í tiltekin störf sem ekki krefjast mikillar sérfræðiþekkingar. Þetta eru störf eins og við þrif, aðstoðarfólk á leikskóla, frístundarheimilum og ýmis ummönnunarstörf. Vandamálið þarna er ekki færniskortur heldur miklu frekar launin. Fólk sér jafnvel ekki ávinninginn af því að taka slíkum störfum þegar munurinn á atvinnuleysisbótum og launum er ekki meiri. Þetta skýrir að hluta hvers vegna ófagmenntað fólk er lengur atvinnulaust þar sem ágóðinn af því að fara út á vinnumarkaðinn er oft ekki ýkja mikill.

2.6 Hvert stefna íslenskir nemendur?

Áhugavert er að velta því fyrir sér hvernig starfsstéttir þróast. Er það starfsfólkið sjálft sem skapar sér störf miðað við menntun sína eða eru það vinnuveitendur og markaðurinn sem ráða alfarið þróuninni? Líklega fer þetta að einhverju leiti saman.

Í skýrslu Námsmatsstofnunnar frá 2007 eru birtar niðurstöður rannsókna sem gerðar voru á unglingum í 10. bekk grunnskóla sem fæddir eru 1984, 1987 og 1990. Unglingarnir voru spurðir við hvað þeir telji að þeir muni starfa um þrítugt. Markmið skýrslunnar var að kortleggja hvar starfsáhugi ungs fólks liggur við lok grunnskóla.

Helstu niðurstöður könnunarinnar eru að mikil áhugi er fyrir störfum sem krefjast háskólamenntunar. Um 50% drengja og allt að 65% stúlkna stefna árið 2006 að því að starfa sem sérfræðingar en í þeim flokki eru til dæmis kennarar, lögfræðingar og viðskiptafræðingar. Þarna er ósamræmi á milli væntinga og raunverulegrar dreifingu starfa í dag. Hið gagnstæða gildir um flokkinn ósérhæft verkafólk en 2% drengja og 1% stúlkna búast við að starfa við slík störf, á meðan 7% karla og 8% kvenna starfa við slík störf. Um 18% drengja hefur áhuga á iðngreinum en einungis 1 % stúlkna árið 2006. Niðurstöðurnar gefa ágæta vísbendingu um hvert íslenskir nemendur stefna og hvaða hugmyndir ungt fólk hefur um vinnumarkaðinn (Ragnar F. Ólafsson og Almar M. Halldórsson, 2007). Niðurstöðurnar sýna svo ekki verður um villst að flesta nemendur í grunnskóla langar í framtíðinni að sinna störfum sem krefjast einhvers konar menntunar og langflestir stefna að bóklegu námi.

Á hverju hausti safnar Hagstofa Íslands upplýsingum um nemendur í framhaldsskólum og háskólum á Íslandi. Árið 2010 voru flestir nemendur skráðir í bóklegt nám. Á framhaldsskólastigi voru það 66,55% en á háskólastigi voru 97,9% nemenda skráðir í fræðilegt nám. Þar voru flestir nemendur skráðir á svið viðskiptafræða, næst fjölmennasta námssviðið á háskólastigi var lögfræði (Hagstofa Íslands, 2011-c).

Miðað við þessar upplýsingar þá stefna íslenskir nemendur ekki ýkja mikið í iðn og tæknigreinar eins og markaðurinn kallar eftir. Á skólakerfinu hvílir sú ábyrgð að undirbúa nemendur svo þeim farnist sem best á vinnumarkaðinum. Sú færni sem vinnumarkaðurinn óskar eftir og þarf til þess að halda hjólum atvinnulífsins gangandi þarf að vera það viðmið sem menntastofnanir vinna eftir. Því má velta fyrir sér hvort ekki þurfi uppstokkun og öflugra fræðslu af hálfu menntamálayfirvalda og aðila vinnumarkaðarins til þess að glæða áhuga nemenda og foreldra þeirra á námsgreinum sem vinnumarkaðurinn þarf á að halda. Ef til vill er auglýsingin frá forráðamönnum iðn og tæknifyrirtækja sem minnst var á hér að framan upphafið af einhverju slíku.

3 Menntunarstig Íslendinga

Um allan hinn vestræna heim er horft til menntunar sem undirstöðu góðra lífskjara bæði fyrir samfélagið í heild sem og fyrir einstaklinginn sjálfan. Menntakerfið er grunnurinn að samkeppnishæfu atvinnulífi því vel menntað og þjálfað starfsfólk er grunnur að verðmætasköpun og samkeppnishæfni fyrirtækja.

3.1 Samanburður við aðrar þjóðir

Íslendingar hafa í gegnum tíðina talið sig vera vel upplýsta og menntaða þjóð. Í skýrslu frá Efnahags- og framfarastofnun OECD sem byggir á tölum frá árinu 2008 kemur fram að menntunarstig hér á landi er ólíkt því sem margir telja ekki mjög hátt þó það fari hækkandi. Vissulega er stór hópur á Íslandi mjög vel menntaður en yfir heildina litið er menntunarstigið fremur lágt. Í skýrslunni kemur fram að þó nokkuð er í land að ná samsvarandi árangri og nágrannalöndin. Menntunarstig hér er lægra í öllum aldurshópum miðað við nágrannaþjóðir okkar. Áætlað er að yfir 30% Íslendinga á aldrinum 25 til 64 ára hafi ekki lokið neinni formlegri menntun umfram skyldunám. Þetta er undir meðaltali ríkja OECD og meðaltali Evrópu. Með menntunarstöðu er átt við hlutfall fólks á aldrinum 25 – 64 ára sem hefur lokið prófi á mismunandi skólastigum grunn-, framhalds- og háskólastigi.

OECD leggur áherslu á að vel menntuð og þjálfuð þjóð sé lykillinn að hagsæld í landinu. Menntunarstaðan er því mælikvarði á hversu vel menntuð þjóðin er og samanburðurinn á að sýna hversu samkeppnishæfur vinnumarkaðurinn er í alþjóðlegu umhverfi. Þó staðan hér á landi sé ekki eins og best verður á kosið þá þókast vissulega í rétta átt. Frá því að fyrsta Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands var gerð árið 1991 og til ársins 2010 hefur hlutfall vinnuaflsins sem eingöngu hefur grunnmenntun lækkað úr 42% í 33%, hlutfall þeirra sem hafa starfs- og framhaldsmenntun hefur lækkaði úr 47 % í 38% en á sama tíma hefur hlutfall vinnuaflsins sem er með háskólamenntun hækkað um rúmlega 17 prósent úr 11 prósentustigum í 28%. (OECD, 2010; Hagstofa Íslands, 2010; Hagstofa Íslands, 2011-d).

Hlutfall þeirra sem lokið hafa háskólanámi hér á landi er yfir meðaltali OECD ríkja. Stór hluti þeirra sem ljúka framhaldsskólanámi halda áfram og ljúka háskólanámi. Nemendum á háskólastigi hefur fjölgað hratt undanfarin ár á Íslandi, líkt og í flestum OECD löndum (OECD, 2010). Ísland er öðru sæti í samanburði við aðrar norðurlandþjóðir hvað varðar hlutfall hvers árgangs sem hefur háskólanám. Miðað er við tölur

frá 2010 þar sem borin er saman fjöldi þeirra sem stunda háskólanám á norðurlöndum á aldrinum 20-39 ára. Ísland er í öðru sæti ári með 16% aðeins fyrir ofan Svíþjóð en þó nokkuð á eftir Finnlandi. Þetta er mikil breyting því árið 2000 var Ísland í neðsta sæti með 11% íbúa (Nordisk statistisk year book, 2010).

Það virðist því vera að framhaldsskólinn sé veiki hlekkurinn í menntakerfinu þar sem brottfall nemenda þar er mjög mikið. Ljóst er að mikið átak þarf að gera í menntunarmálum á Íslandi ef við eigum að halda í við og ná þeim þjóðum sem við viljum bera okkur saman við.

3.2 Átak til þess að hækka menntunarstigið

Atvinnulífið þarf á menntuðu vinnuafli að halda um það virðast flestir sammála. Sú afstaða hefur komið skýrt fram bæði af hálfu Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambandsins og annarra samtaka launafólks.

Í kjarasamningum 2008 var sett inn yfirlýsing um að ríkisstjórnin og aðilar vinnumarkaðarins ætluðu í sameiginlegt átak og vinna að því að hækka menntunarstig þjóðarinnar. Átakið er einn liður í þeim áformum sem fram komu í stefnumörkunarskjalinu „Ísland 2020- sókn fyrir atvinnulíf og samfélag“ þar sem meðal annars er sett fram það markmið að hlutfall Íslendinga á aldrinum 20-66 ára sem ekki hafa lokið formlegri menntun eftir grunnskóla lækki úr 30% og niður í 10% árið 2020 (Forsætisráðuneytið, 2011).

Í framhaldi af þessu var á vormánuðum 2011 farið af stað með átak á sviði vinnumarkaðsaðgerða og eflingar menntunar í samræmi við tillögur samráðshóp um vinnumarkaðsmál. Átakið byggir á stefnumörkunarskjalinu Ísland 2020, annars vegar hvað varðar að lækka hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið formlegri menntun og hins vegar það markmið að fækka atvinnulausum og vinna gegn fjölgun bótaþega.

Átakið hefur fengið nafnið Nám er vinnandi vegur. Á næstu þremur árum verður aðgengi að námi aukið og ný námsúrræði þróuð með sérstaka áherslu á starfsmenntun.


Með átakanu verður mun auðveldara en áður að komast að í framhaldsskóla eftir námshlé. Haustið 2011 munu skólarnir taka inn alla umsækjendur undir 25 ára sem uppfylla skilyrði, ásamt eldri umsækjendum sem lokið hafa raunfærnimati vorið 2011. Þannig gefst fólki tækifæri á að ljúka námi eða bæta við færni sína. Þeim atvinnuleitendum sem uppfylla skilyrði gefst kostur á að stunda nám á haustönn án þess að greiða skólagjöld. Að auki verða sköpuð námstækifæri fyrir 1000 atvinnuleitendur.

Markmiðið er að veita atvinnuleitendum aðgang að framhaldsskólum, frumgreinaeildum, háskólum og framhaldsfræðslu með óskertum atvinnuleysisbótum í eina önn.

Sérstakur þróunarsjóður verður stofnaður til að efla starfstengt nám og samstarf skóla og fyrirtækja um starfstengt nám verður aukið. Lög um LÍN og framfærslukerfi námsmanna verða endurskoðuð, skil framhaldsskóla og fullorðinsfræðslu verða gerð sveigjanlegri, námsráðgjöf efld og vinnustaðanámssjóður styrktur (Minnisblað frá Mennta og menningarmálaráðuneytinu, apríl 2011).

Þetta er metnaðarfullt og margþætt átak og ef vel tekst til er það mikilvægt skref í þá átt að hækka menntunarstigið hér á landi. Það er mikið keppikefli fyrir allt samfélagið að sem flestir afli sér einhverjar menntunar en það hefur sýnt sig að atvinnuþátttaka þeirra sem hafa meiri menntun er mest. Á árunum 1991- 2009 var atvinnuþátttaka og hlutfall starfandi mest á meðal þeirra sem lokið höfðu háskólamenntun eða 91,2- 96,4% en minnst meðal þeirra sem eingöngu höfðu lokið grunnskólaprófi eða 73,4-79,3%. Hjá þeim sem lokið höfðu starfs eða framhaldsmenntun var atvinnuþátttaka á bilinu 80,9-86% (Hagstofan, 2010). Reynslan sýnir einnig að atvinnuleysi á meðal fólks með litla menntun er talsvert herra en á meðal þeirra sem hafa meiri menntun.

Á mynd eitt er menntunarstig þeirra sem eru atvinnulausir borið saman við menntunarstig vinnuaflsins.



Mynd 1. Samanburður á menntunarstigi atvinnulausra og vinnuaflsins (Hagstofan, 2011-e).

Þar sést að öll árin er hlutfall þeirra sem ekki hafa lokið neinni formlegri menntun annarri en grunnmenntun mun hærra meðal atvinnulausra en hlutfall þeirra af vinnuaflinu. Munurinn hefur þó minkað. Þeir sem eru hins vegar með starfs- og framhaldsmenntun og háskólamenntun eru hlutfallslega mun færri meðal atvinnulausra en af vinnuaflinu, þó hefur dregið úr muninum.

3.3 Brottfall úr framhaldsskóla

Meirihluti íslenskra unglunga fer í framhaldsskóla að loknum grunnskóla eða yfir 90% hvers árgangs. Einungis rúm 60% af hverjum árgangi hefur lokið fjögurra ára framhaldsskólanámi við 24 ára aldur (Jón Torfi Jónasson og Andrea G. Dofradóttir, 2008).

Brottfall út framhaldsskóla er óvíða í Evrópu jafnmikið og hér á landi. Í skýrslu frá 2005 sem ber nafnið Study on „Early school leavers“ voru Evrópuþjóðirnar bornar saman með tilliti til brotthvarfs. Þar voru Íslendingar í einu af neðstu sætunum í hópi með Spánverjum, Portúgölum og Maltverjum hvað varðar brotthvarf (Ec.europa.eu, 2011). Athyglisvert er að sjá hversu miklu hærra brotthvarf er hér á landi samanborið við hin norðurlöndin. Þetta vekur upp spurningar, því að mörgu leiti eru skólakerfin á norðurlöndum ekkert mjög frábrugðin. Sérstaða Íslands virðist helst felast í miklum atvinnumöguleikum og þátttöku ungs fólks í atvinnulífinu.

Þeir sem hverfa frá námi í framhaldsskóla hætta langflestir á fyrsta eða öðru ári, en rúmur helmingur þessa hóps tekur aftur upp þráðinn í framhaldsnámi eftir að hafa verið á vinnumarkaði í fjölda ára (Jón Torfi og Andrea G. Dofradóttir, 2008).

Í niðurstöðum rannsókna Jóns Torfa Jónassonar og Kristjönu Stelli Blöndal (2002) á námsgengi Íslendinga sem fæddir eru árið 1975 kom fram að 36% af árganginum teljast til brotthvarfsnemenda úr framhaldsskóla. Brotthvarfsnemendur eru skilgreindir þeir sem voru í námi og höfðu ekki lokið framhaldsskólaprófi við 24 ára aldur.

Ef rýnt er í ástæður þess að nemendur hætta námi þá eru mikilvægustu ástæðurnar sem karlmenn gefa fyrir því að hætta námi námsleiði, peningavandræði og að þeim hafi verið boðið gott starf. Hjá stúlkum eru það barneignir, peningavandræði og námsleiði. Í rannsókninni komu einnig fram tengsl á milli brotthvarfs úr námi úr framhaldsskóla og menntunar foreldra. Þeir sem eru líklegastir til þess að klára framhaldsskóla eru þeir sem eiga foreldra sem hafa lokið námi á háskólastigi og þeir sem telja sig fá stuðning og hvatningu til náms frá foreldrum sínum. Einnig kemur fram að þeir sem hafa trú á eigin

hæfni og eru með ágætt sjálfsálit ljúka frekar námi á framhaldsskólastigi (Jón Torfi Jónasson & Stella Blöndal, 2002).

Athyglisvert er að einungis um helmingur brottfallshópsins telur að hann væri betur settur á vinnumarkaði ef hann hefði lokið framhaldsskólanámi. Svipaður hópur telur að það að ljúka framhaldsskóla hefði breytt stöðu þeirra á vinnumarkaði (Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal, 2002).

Í nýrri skýrslu Norrænu ráðherranefndarinnar um brottfall úr framhaldsskólum á norðurlöndum er undirstrikað hversu dýrt brottfall nema úr framhaldsskólum er fyrir samfélagið og hversu mikil ógnun það er við velferðarsamfélag framtíðarinnar. Í skýrslunni er gerð grein fyrir umfangi og einkennum brottfalls á fimm norðurlöndum. Skýrsluhöfundar leggja mikla áherslu á áhrif félagslegs bakgrunns nemenda á brottfall þeirra úr skóla. Lagt er til að gripið verði til aðgerða eins snemma á skólagöngunni og mögulegt er. Nauðsynlegt sé að kanna stöðu nemenda áður en þeir eru komnir á framhaldsskólaaldur svo hægt sé að bregðast við nógu snemma og þar með minnka líkur á brottfalli. Af norðurlöndunum er staðan best í Danmörku en þar ljúka 85% námi í framhaldsskóla. Í skýrslunni kemur fram að þróun atvinnustig og brottfalls tengjast. Næg atvinnutækifæri virðast valda auknu brottfalli úr námi. Fyrir stóru kreppuna í Finnlandi var brottvarf þar umtalsvert en mjög dró úr því í efnahagskreppunni (Eifred Markussen, 2010). Líklegt er að þær efnahagsþrengingar sem eru hér á landi og atvinnuleysi ungs fólks muni hafa svipuð áhrif á skóla göngu íslenskra ungmenna til lengri tíma. Atvinnulífið mun ekki toga eins mikið í unga fólkið og því mun brottfall vonandi minnka.

Það er ljóst að brottfall úr framhaldsskólum er mjög alvarlegt samfélagsvandamál sem þarf að bregðast fljótt við. Hvaða leið er farsælust er erfitt að fullyrða um. Ástæðurnar eru eflaust margar eins og að ungt fólk hefur átt auðvelt með að komast í vinnu. Einnig má velta því fyrir sér hvort mikil áhersla á bóknám henti öllum og hvort það sé ein af ástæðum brottfallsins.

4 Náms- og starfsfræðsla

4.1 Náms og starfsfræðsla í íslenskum skólum

Í skýrslu nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræði gegn brottfalli nemenda er lagt til að náms- og starfsfræðsla verði gerð að skyldunámsgrein í grunn- og framhaldsskólum, eins og gert hefur verið víða í löndunum í kringum okkur. Í skýrslunni er einnig bent á að það vanti meira námsefni í náms- og starfsfræðslu og þar standi Íslendingar sig illa samanborið við nágrannaþjóðirnar (Ágústa Ingbórsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Sigríður Bílddal, 2008-2009).

Náms- og starfsfræðsla er ekki til sem sérstök námsgrein í íslenskum skólum en árið 1999 voru markmið náms- og starfsfræðslu sett inn í námskránnar á báðum skólastigum undir námsgreininni lífsleikni (Aðalnámskrá framhaldsskóla, lífsleikni, 1999; Aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni, 2007).

Árið 2006 lét Menntasvið Reykjavíkurborgar vinna greiningu á störfum náms- og starfsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Samkvæmt niðurstöðunum leita nemendur mest til námsráðgjafa vegna vanlíðunar eins og þunglyndis og kvíða. Því næst er það vegna samskiptavanda heima fyrir eða í skólanum og þar á eftir til þess að fá leiðbeiningar um náms- og starfsval eftir grunnskóla. Af þessum niðurstöðum má sjá að nemendur koma síður að eigin frumkvæði til þess að ræða náms- og starfsval sem undirstrikar enn frekar mikilvægi þess að náms- og starfsfræðsla sé skyldugrein í skólum.

Þegar námsráðgjafarnir voru spurðir hversu hátt hlutfall nemenda þeir töldu vera vel undirbúna til þess að taka ákvörðun um nám að loknum grunnskóla taldi helmingur þeirra að 41-69% tíunda bekkinga væru vel undirbúnir undir slíka ákvörðun. Velta má fyrir sér hvort sá hópur sem náms- og starfsráðgjafar telja að séu ekki tilbúnir að taka slíkar ákvarðanir sé hópurinn sem ekki nær að festa rætur í framhaldsskóla.

Um helmingur námsráðgjafanna sögðu að náms- og starfsfræðsla væri kennd í 8-10 bekk í þeirra skóla. Flestir töldu að náms- og starfsfræðsla þyrfti að byrja fyrr, það væri of seint að byrja í 10. bekk. Langflestir töldu að fræðslan þyrfti að vera mun markvissari og að nauðsynlegt væri að það kæmi skýrt fram í Aðalnámskrá grunnskóla að kenna þurfi náms- og starfsfræðslu. Náms- og starfsfræðsla er í flestum tilfellum kennd inn í lífsleikni áfanga en um þriðjungur náms- og starfsráðgjafa kemur ekkert að þessari fræðslu (Sigurbjörg J. Helgadóttir, 2006).

Niðurstöður rannsóknar Sigríðar Dísu Gunnarsdóttur (2006) þar sem hún skoðaði náms og starfsfræðslu í framhaldsskólum benda einnig til þess að almennt sé lítil áhersla lögð á marvissa náms- og starfsfræðslu innan framhaldsskólanna og að náms- og starfsráðgjafar taki almennt lítinn þátt í að skipuleggja slíka þjálfun. Í rannsókninni kemur fram að tæpur helmingur náms- og starfsráðgjafa segjast eitthvað koma að kennslu í lífsleikni í þeim framhaldsskólum sem þeir starfa.

Samkvæmt þessum niðurstöðum virðist náms- og starfsfræðslu ekki vera mikið sinnt í grunn- og framhaldsskólum á Íslandi.

Í Frumvarpi til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 sem lagt er fyrir löggjafarþingið 2010-2011 gerir ASÍ athugasemdir við það að ekki skuli kveðið skýrar á um skyldur skólanna varðandi náms- og starfsfræðslu og hvernig fyrirkomulag og gæði þeirrar þjónustu þurfi að vera (Alþingi, 2010-2011). Í tillögu Alþýðusambands Íslands er lögð á það áhersla að kveðið verði með skýrari hætti að grunnskólum beri að veita nemendum sínum námsráðgjöf við hæfi og af fagmennsku (ASI, 2011).

Mikilvægi þess að ungt fólk fái fræðslu og þjálfun í ákvarðanatöku um nám og störf virðist augljós. Unga fólkinu býður starfsumhverfi þar sem uppsagnir, hagræðingar, breytingar á störfum og vinnuskipulagi eru daglegt brauð. Því er ekki óvarlegt að ætla að hver einstaklingur þurfi að taka slíkar ákvarðanir mörgum sinnum á starfsævinni.

4.2 Starfsval

Ákvarðanatöku í tengslum við nám og störf er fólki mismunandi erfið. Sumir hafa skýr markmið og vita nákvæmlega hvert þeir stefna. Aðrir eiga mun erfiðara með að taka ákvarðanir um nám og störf og skipta jafnvel oft um skoðun.

Samkvæmt þróunarkenningum í náms- og starfsráðgjafarfræðum hefst ákvarðanatökferli í tengslum við náms- og starfsval strax í grunnskóla þegar einstaklingurinn byrjar að tengja hæfileika sína, kunnáttu og getu við vinnumarkaðinn (Gottfredson, 1981). Þetta ferli heldur síðan áfram og nær hámarki á unglings- og fullorðinsárum þegar fólk fer að velja sér nám eða störf (Gottfredson, 2005; Savickas, 2005). Fjöldi kenninga hafa verið settar fram um þróun starfsferils, starfsval og ákvarðanatöku um nám og störf. Í kenningunum eru ólík sjónarhorn notuð til að útskýra hvernig starfsferill einstaklinga þróast (Savickas og Baker, 2005).

Á fyrri hluta síðustu aldar voru ríkjandi viðhorf í vinnusálfræði og starfsþróunarfræðum að hver og einn þyrfti að finna starfsumhverfi sem hentaði persónugerð hans. Þetta viðhorf er í takt við hugmyndir Taylor og vísindastjórnunnar en þar var lögð áhersla á að finna réttu manneskjuna í starfið til þess að hámarka árangur. Markmið náms- og starfsráðgjafa og vinnusálfræðinga var því aðallega að finna störf sem hentuðu einstaklingnum útfrá ákveðnum forsendum. Ráðgjöfin gekk út á að para saman einstaklinga og störf. Reynt var að finna einstakling með einkenni sem átti vel við ákveðið starf og þá var komið samræði sem talið var henta öllum aðilum. Áhugi og væntingar starfsmanna til starfsins komu þarna lítið við sögu (Sharf, 2006). Á síðustu árum hafa nýjar aðferðir í ráðgjöf verið að þróast í takt við þær breytingar sem hafa verið í samfélaginu. Skilgreiningar á starfsferli hafa þróast frá hlutlausu viðhorfi til starfa og einstaklinganna sem vinna þurftu störfin yfir í að vera einstaklingsmiðað þar sem einstaklingurinn skoðar hvar hann staðsetur sig í samfélaginu. Lífsviðhorf einstaklingsins, reynsla, bakgrunnur, áhugi og gildi skipta þar höfuð máli (Savickas, 2005; Sharf, 2006)

Í grein frá 2008 fjalla Blustein, Coutinho og Dam um að vinnusálfræðin og starfsráðgjöfin hafi ekki haldið nógu vel í við þær breytingar sem orðið hafa á vinnumarkaðinum og vinni of mikið út frá því að fólk hafi mikið val þegar kemur að störfum. Veruleiki flestra er annar í dag. Breytingar eins og efnahagsþrengingar og hnattvæðing hafa haft mikil áhrif á reynslu og möguleika fólks á námi og störfum. Þeir telja að það séu í raun forréttinda hópar sem hafi allt þetta val. Því sé mikilvægt fyrir

ráðgjafa að vera raunsæir og átta sig á því að það eru ekki alltaf allar dyr opnar fyrir ráðþegana. Hlutverk ráðgjafanna sé að aðstoða fólk við að hámarka möguleika sína.

Blustein (2006) telur að hætta sé á að bilið milli ríkra og fátækra muni enn breikka á 21. öldinni með aukinni eftirspurn eftir sérfræðiþekkingu. Hann telur því að það eigi að vera markmið vinnusálfræðinga og starfsráðgjafa að vinna að jafnrétti til náms og atvinnutækifæra þannig að flestir hafi möguleika á starfi sem hefur merkingu fyrir þá.

Það er því ljóst að náms- og starfsráðgjafar og vinnusálfræðingar þurfa líkt og aðrar starfsstéttir að vera tilbúnir til þess að endurskoða vinnulag sitt og aðferðafræði í takt við breytingar á vinnuumhverfi ætli þeir að geta leiðbeint ráðþegum sínum um nám og störf.


5 Ungt fólk og atvinnuleysi

Umræðan um ungt fólk og vinnumarkaðinn tengist óhjákvæmilega oft umræðu um atvinnuleysi þessa hóps. Víða er atvinnuleysi ungs fólks mikið vandamál og í mörgum löndum getur það verið mjög erfitt fyrir ungt fólk að komast inn á vinnumarkaðinn (Hasluck, 1998; Kieselbach, 2000; Kolev & Saget, 2005).

5.1 Afleiðingar atvinnuleysis á ungt fólk

Í þeim efnahagsþrengingum sem nú ganga yfir hefur atvinnuleysi meðal ungs fólks víðast hvar aukist meira en í öðrum hópum (Eurostat, 2011). Á Íslandi hefur þróunin verið sú sama, unga fólkið er sá hópur sem stendur höllustum fæti á vinnumarkaðinum og missir fyrst vinnuna í niðursveiflu. Hlutfall ungra atvinnuleitenda á atvinnuleysisránni er hærra en í öðrum hópum. Tölur Vinnumálastofnunar frá maí 2011 sýna að um 18% þeirra sem eru á atvinnuleysisránni eru 24 ára og yngri. Fjölmennustu hóparnir eru fólk á aldrinum 20-24 og 25-29 ára (Vinnumálastofnun, 2011-b).

Á mynd tvö má sjá þróun atvinnuleysis með tilliti til aldurs frá ágúst 2008 – júní 2011. Hér sést greinilega hversu hratt atvinnuleysi jókst í kjölfar efnahagshrunsins.



Mynd 2. Atvinnuleysi eftir aldri (Vinnumálastofnun, 2011-b).

Atvinnuleysið jókst í öllum aldurshópum en mesta aukningin er í yngsta hópnum.

Það að takast á við atvinnuleysi í efnahagsþrengingum er erfitt fyrir alla. Fyrir ungt fólk sem er að hefja starfsferilinn getur það verið mjög afdrifaríkt að festast í slíkum aðstæðum. Fyrir utan það að missa tekjur þá getur atvinnuleysi haft áhrif á ótal þætti. Atvinnuleysi kemur til dæmis í veg fyrir vinnustaðarnám. Sú þjálfun og þróun starfshæfni sem fer fram á vinnustað ungs fólks er mjög mikilvæg fyrir möguleg störf í framtíðinni (Mroz & Savage, 2006).

Afleiðingar atvinnuleysis og þá sérstaklega langtímaatvinnuleysis eru taldar hvað alvarlegastar fyrir ungt fólk. Rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á að atvinnuleysi hefur neikvæð áhrif á heilsu þeirra bæði líkamlega sem og andlega. Ungt fólk sem missir vinnu er líklegra til að festast í óvirkni um leið og líkur á endurteknu atvinnuleysi aukast. Atvinnuleysi í byrjun starfsferils virðist geta haft áhrif á marga þætti eins og lífshamingju, starfsánægju og möguleika á góðum launum seinna á lífsleiðinni (Kiselbach, 2000; Mroz & Savage, 2006; Scarpetta, Sonnet og Manfredi, 2010).


Því hefur verið haldið fram að þetta tímabil hafi varanleg áhrif á einstaklinginn og skili eftir sig ör (scare). Þetta hefur verið nefnt „Scarring áhrif“ sem þýðir að atvinnuleysi sérstaklega hjá ungu og reynslulitlu fólki eykur líkur á atvinnuleysi síðar á ævinni. Atvinnuleysið virðist senda neikvæð skilaboð til atvinnurekenda (Scarpetta og fleiri, 2010).

Gögn frá ýmsum löndum sýna að aldurshópar sem koma út á vinnumarkað í alvarlegu atvinnuástandi eru almennt með hærra atvinnuleysishlutfall en aðrir alla starfsævina. Þetta á sérstaklega við um þann hóp sem hefur stutta formlega skólagöngu að baki (Schröder, 1994)

5.2 Menntunarstig ungra atvinnuleitenda

Stærstur hluti ungs fólks á atvinnuleysisskrá hefur ekki lokið formlegu námi eftir grunnskóla eða um 76%, 77% karla og 70% kvenna (Vinnumálastofnun, 2011-b). Hlutfall atvinnuleitenda sem ekki hafa lokið formlegri menntun eftir grunnskóla er mun hærra hjá ungum atvinnuleitendum en í öðrum hópum. En eins og áður hefur komið fram er hlutfall ómenntaðra mun hærra meðal atvinnulausra í öllum aldurshópum en hlutfall þeirra af vinnuaflinu (Hagstofa Íslands, 2011- e: Vinnumálastofnun, 2011-b). Það er því ljóst að líkurnar á atvinnuleysi aukast til muna hjá þeim sem ekki hafa lokið neinni formlegri menntun óháð aldri.

Mynd þrjú sýnir menntunarstig ungra atvinnuleitenda skráða hjá Vinnumálastofnun.



Mynd 3. Menntun ungra atvinnuleitenda á aldrinum 16-24 ára í maí 2011 (Vinnumálastofnun, 2011-b).

Á myndinni sést vel hversu stór hópurinn er sem ekki hefur lokið neinni formlegri menntun eftir grunnskóla. Það endurspeglar hversu höllum fæti brottfallshópurinn stendur á vinnumarkaðinum.

5.3 Hvaða leiðir hafa verið farnar?

Íslendingar hafa ekki ýkja mikla reynslu í að takast á við langvarandi atvinnuleysi ungs fólks og hafa því þurft að leita í smiðju annarra þjóða hvað þetta varðar.

Í skýrslu frá 1997 fjallar Gestur Guðmundsson félagsfræðingur um sértækar aðgerðir sem farnar hafa verið erlendis til þess að sporna við atvinnuleysi ungs fólks og hver árangurinn hefur verið af þessum aðgerðum. Samkvæmt skýrslunni er það reynsla vestur-evrópskra þjóða að mestur árangur náist með því að tengja menntun og starfsþjálfun saman og með því að veita hverjum einstaklingi ráðgjöf og hafa eftirfylgni með hverjum og einum (Gestur Guðmundsson, 1997).

Í skýrslu frá 2010 sem unnin var að frumkvæði Norrænu ráðherranefndarinnar var gerður samanburður á aðgerðum ríkjanna til að sporna við atvinnuleysi ungs fólks á Norðurlöndum. Í skýrslunni kemur meðal annars fram að vandamálin eru nokkuð lík í öllum ríkjunum og því getur það verið hagkvæmt að nota sams konar lausnir til þess að taka á þeim. Niðurstaða skýrsluhöfunda er að fara þurfi strax af stað með aðgerðir sem miða að því að minnka brottfall úr skóla með snemmbæru inngrípi, einstaklingsbundnu námi og markvissu eftirliti með nemendum og stöðu þeirra. Lögð er áhersla á að aukna

sambættingu milli atvinnulífs og skóla til þess að auðvelda aðlögun frá skóla út í atvinnulífið. Nauðsynlegt sé að samræma betur menntun og þarfir atvinnulífsins til þess hjálpa ungu fólki að komast í vinnu. Þá er fjárfesting í menntun í niðursveiflu og samvinna á milli þeirra sem eru að vinna að þessum málaflokki talin skipta sköpum (Norden.org., 2011).

Niðurstaða þessarar skýrslu er í samræmi við niðurstöður Gests Guðmundssonar (1997) að bestu aðgerðirnar til að sporna við atvinnuleysi felist í því að bjóða upp á menntun í bland við vinnumarkaðsreynslu og ráðgjöf.

6 Ung fólk til athafna

6.1 Átak fyrir ungt atvinnulaust fólk

Um mitt ár 2009 hafði ungunum atvinnuleitendum fjölgað mikið á atvinnuleysissskrá og um haustið varð mikil umræða hér á landi um stöðu þessa hóps og hvernig hægt væri að snúa þessari þróun við.

Mikið var horft til Finnlands en í efnahagshruninu í Finnlandi á tíunda áratug síðustu aldar var öll þjónusta við bótaþega skert verulega í sparnaðarskyni. Í dag standa Finnar frammi fyrir mikilli fjölgun á öryrkja yngri en 30 ára vegna andlegrar vanlíðunar í kjölfar efnahagskreppunnar (Haukur Sigurðsson, 2008).

Í kjölfar þessarar miklu umræðu um stöðu ungu kynslóðarinnar og alvarlegar afleiðingar langtímaatvinnuleysis skipuðu íslensk stjórnvöld starfshóp tveggja ráðuneyta, í október 2009. Starfshópurinn fékk það verkefni að kortleggja stöðuna og safna saman upplýsingum um unga atvinnuleitendur og aðstæður þeirra ásamt því að leggja fram tillögur um aðgerðir. Hópurinn skilaði skýrslu í nóvember 2009 (Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009 Félagsvísindastofnun, 2010; Hrafnhildur Tómasdóttir, 2010).

Í framhaldi af skýrslu starfshópsins ýtti Félags- og tryggingamálaráðuneytið úr vör þann, 1. janúar 2010, áttakinu Ungt fólk til athafna. Markmið þess var að tryggja öllu ungu fólk 16 – 24 ára virkniúrræði innan þriggja mánaða frá atvinnumissi og skyldi því náð fyrir 1. apríl 2010. Vinnumálastofnun var falin framkvæmd verkefnisins og á höfuðborgarsvæðinu var opnuð sérstök skrifstofa undir merkjum átaksins. Annars staðar á landinu sáu þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar um framkvæmdina. Nýir ráðgjafar voru sérstaklega ráðnir fyrir átakið (Félagsvísindastofnun, 2010; Hrafnhildur Tómasdóttir, 2010).

Markmiðið með áttakinu er að virkja alla unga atvinnuleitendur innan þriggja mánaða frá atvinnumissi til að koma í veg fyrir þær alvarlegu afleiðingar sem aðgerðarleysi getur haft. Aðgerðirnar beinast að því að virkja hópinn til þátttöku í námi eða vinnu í samstarfi við menntakerfið, sjálfbóðaliðasamtök og aðila vinnumarkaðarins. Í áttakinu var sérstaklega hugað að þeim hópi sem ekki hefur lokið námi eftir grunnskóla og áhersla lögð á hæfnisuppyggingu þessa hóps (Hrafnhildur Tómasdóttir, 2010; Félagsvísindastofnun, 2010).

Áherslur átaksins eru á eftirfarandi þætti:

1. Markhópurinn er 16 – 24 ára (hækkað upp í 25 ára fljótlega og seinna í 29 ára)
2. Snemmbært inn grip með tilboði um virkniúrræði
3. Áhersla á náms- og starfsráðgjöf
4. Einstaklingsmiðuð virkniáætlun
5. Samstarf við ólíka aðila eins og menntamálayfirvöld, aðila vinnumarkaðarins, fullorðinsfræðsluaðila, sjálfbodaðliðasamtök, íþróttahreyfinguna og sveitarfélög
6. Tækifæri til að velja úr fjölbreyttum úrræðum
7. Skylduvirkni – þátttaka í átakinu forsenda bóta (Hrafnhildur Tómasdóttir, 2010).

Ferlið hefur frá upphafi verið þannig að ráðgjafar Vinnumálastofnunar boða ungt atvinnulaust fólk til sín á kynningarfundum þar sem farið er yfir þau tækifæri og verkefni sem þeim stendur til boða. Einnig er boðið upp á einstaklingsráðgjöf en í átakinu er lögð mikil áhersla á náms- og starfsráðgjöf þar sem atvinnuleitendur fá ráðgjöf og hvatningu í að sækja úrræði sem aukið getur hæfni þeirra. Ungir atvinnuleitendur fá aðstoð og tækifæri til að kortleggja áhugasvið sitt og hæfni og hjálp við að setja sér markmið til framtíðar varðandi náms- og starfsval. Ráðgjafar átaksins kynna átakið sem frábært tækifæri fyrir atvinnuleitendur þar sem þeim stendur til boða ótrúlega fjölbreytt úrval úrræða sem þeir geta valið um að sækja. Allt sé þetta þeim að kostnaðarlausu. Úrval námskeiða er mikið og eru atvinnuleitendur beðnir um að velja þrjú námskeið sem þeir geti hugsað sér að sækja (sjá fylgiblað 1).

Það eina sem ekki býðst er aðgerðarleysi og óvirkni. Það að taka ekki þátt í úrræðum getur það valdið missi bótaréttar og er þar vísað til skylduvirkni laga um atvinnuleysistrygginga. (Hrafnhildur Tómasdóttir, 2010; Félagsvísindastofnun, 2010).

Virkniúrræðum má skipta í námstengd og starfstengd virkniúrræði.

6.1.1 Námsúrræði

Námsúrræðin sem eru í boði eru fjölbreytt úrræði í samstarfi við framhaldsskóla, símenntunarmiðstöðvar og aðra námskeiðshaldara.

Markmiðið með samstarfi við framhaldsskólana var að fjármagna viðbótarpláss í framhaldsskólum landsins fyrir atvinnulaus ungmenni og bjóða þeim nýtt tækifæri til náms í framhaldsskóla. Áherslan hefur verið á þróun nýrrar námsleiðar fyrir ungt fólk 16 til 20 ára. Dæmi um slíka námsbraut er Hótel- og barþjónanám í Menntaskólanum í Kópavogi og Hönnun og handverk í Fjölbrautarskólanum í Breiðholti. Markmið með samstarfi við símenntunarmiðstöðvar og aðra fullorðinsfræðsluaðila er tvíþætt. Annars vegar að bjóða ungu fólki þátttöku í starfstengdum námskeiðum sem styrkt getur stöðu þeirra á vinnumarkaði. Dæmi um slíkt nám er starfsnám stuðningsfulltrúa sem Starfsmennt hefur boðið uppá og Færni í ferðaþjónustu sem Mímir hefur boðið uppá. Hins vegar er í boði að taka almennt nám sem hefur það að markmiði að styrkja almennan grunn og undirbúa þátttakendur til frekara náms innan formlega skólakerfisins. Slíkt nám veitir í sumum tilvikum einingar sem geta nýst í áframhaldandi námi. Dæmi um slíkt nám er til dæmis. nám og þjálfun í almennum greinum sem Mímir hefur boðið uppá (Hrafnhildur Tómasdóttir, 2010; Félagsvísindastofnun, 2010).

Auk ofangreindra úrræða er hægt að sækja um námsstyrk til Vinnumálastofnunar. Vinnumálastofnun greiðir þá hluta námskeiðsgjaldsins en einnig getur viðkomandi sótt um styrk hjá stéttarfélagi sínu. Þannig er mögulega hægt að sækja utanaðkomandi námskeið án nokkurs kostnaðar (Félagsvísindastofnun, 2010).

6.1.2 Starfstengd virkniúrræði

Starfstengdu virkniúrræðin eru meðal annars þátttaka í sjálfbóðaliðastörfum, starfsþjálfun/vinnustaðanámi í smiðjum og starfstækifæri hjá fyrirtækjum og stofnunum. Í boði hafa verið fjölbreytt sjálfbóðaliðastörf, meðal annars í samstarfi við sjálfbóðaliðasamtök eins og Rauða krossinn og Íþróttahreyfinguna. Gerður er sjálfbóðaliðasamningur þar sem starfið er skilgreint og hversu mikilli vinnu sjálfbóðaliðarnir skulu skila í hverri viku.

Markmiðið með vinnustaðanámi og smiðjum er að gefa ungum atvinnuleitendum tækifæri á þjálfun á vinnustað þar sem blandað er saman námi og starfi undir handleiðslu. Hugmyndin að baki þessu er að gefa ungu fólki tækifæri til þess að kynna ólíkum störfum til þess að hjálpa þeim að taka ákvörðun um það hvert þau stefna í framtíðinni. Til að fjölga slíkum tækifærum hefur verið unnið að því að þróa


vinnustaðanám í samstarfi við sveitarfélög og fyrirtæki á almennum markaði. Líkt og öðrum atvinnuleitendum hefur ungu fólki einnig staðið til boða átaksverkefni, starfsþjálfunarpláss eða reynsluráðning. Þetta er hluti af vinnumarkaðsúrræðum sem miða að því að koma atvinnuleitendum í vinnu og til að auka möguleika á hæfnisuppbyggingu og starfsreynslu sem auðveldar atvinnuleit þegar aðstæður batna á vinnumarkaði. Í áttakinu er áhersla lögð á virka atvinnuleit og fær ungu fólkið stuðning við hana hjá ráðgjöfum sem felst meðal annars í aðstoð við gerð ferilskrár, aðstoð við að undirbúa sig fyrir atvinnuviðtalið og hvernig best er að koma sér á framfæri á vinnumarkaði. Í samvinnu við Rauða kross Íslands hefur verið boðið uppá úrræði sem ber nafnið Starfsleit- og sjálfbóðaliðastarf. Úrræðið tekur sex vikur og þar er blandað saman virki atvinnuleit og sjálfbóðaliðastarfi (Hrafnhildur Tómasdóttir, 2010).

6.1.3 Árangur átaksins

Megin áhersla átaksins er virkni innan þriggja mánaða frá atvinnumissi. Því markmiði var náð fyrir 1. apríl 2010. Í dag er staðan sú að allt ungt fólk sem kemur inn á atvinnuleysisbætur býðst ráðgjöf eða fundur þar sem úrræðin eru kynnt innan tveggja mánaða frá skráningu.

Þann 1. september 2010 eða níu mánuðum eftir að átakið hófst höfðu 46% þeirra sem voru á atvinnuleysissskrá við upphaf átaksins afskráðst. Af þeim sem höfðu afskráðst höfðum rúmlega 50% farið í starf. Aðrir höfðu til dæmis farið í nám- og endurhæfingar-úrræði en ástæða afskráningar var ekki alltaf kunn (Hrafnhildur Tómasdóttir, 2010).

Á mynd fjögur má sjá hvernig fjöldi ungra atvinnuleitenda á aldrinum 16-24 ára dreifist á milli landssvæða.



Mynd 4. Fjöldi ungra atvinnuleitenda á aldrinum 16- 24 ára eftir landsvæðum í janúar og september 2010 og maí 2011 (Vinnumálastofnun, 2011-b).

Á myndinni sést vel hversu fækkunin var mikil á fyrstu mánuðum átaksins en þeim hefur heldur fjölgað aftur á þessu ári. Í lok maí 2011 var fjöldi ungra atvinnuleitenda á aldrinum 16- 24 ára á atvinnuleysisránni 2200 á öllu landinu. Af þeim höfðu 48% verið 6 mánuði eða lengur á skránni, sem telst vera langtíma atvinnuleysi. Hlutfall þeirra sem eru búnir að vera eitt ár eða lengur er 21%. Hlutfall langtíma atvinnulausra í hópi ungra atvinnuleitenda er lægra en í öðrum hópum (Vinnumálastofnun, 2011-b).

Strax í upphafi átaksins var Félagsvísindastofnun H.Í. falið að gera úttekt á verkefninu og hófst sú vinna strax febrúar 2010. Einn liðurinn var að kanna viðhorf og væntingar ungu atvinnuleitendana sjálfra til átaksins. Í mars 2010 fengu allir úr hópnum sem voru á atvinnuleysisránni í febrúar og mars senda rafræna könnun. Megintilgangur könnunarinnar var að meta árangur verkefnisins Ungt fólk til athafna. Helstu niðurstöður voru þær ungir atvinnuleitendur voru almennt mjög ánægðir með átakið. Tæplega 80% töldu sig hafa fengið góða kynningu og aðstoð við val á úrræðum. Meirihlutinn var ánægður með úrræðin sem þeim bauðst og taldi að þátttaka í átakinu og úrræðum ætti eftir að auka möguleika þeirra á vinnumarkaðinum. Auk þess taldi stór hópur að þátttaka í úrræðunum hefði eflt þau í mannlegum samskiptum og bætt andlega líðan þeirra. Niðurstöður sýna sömuleiðis að þau sem höfðu lokið einhverju úrræði voru mun virkari í atvinnuleitinni en þau sem voru skemmra á veg komin í átakinu (Félagsvísindastofnun, 2010).

7 Rannsóknin

Markmið þessarar rannsóknar er að kanna upplifun og reynslu nokkurra ungra atvinnuleitenda á vinnumarkaðinum, skólakerfinu og atvinnuleysinu og þeim úrræðum sem ungu fólki stendur til boða að taka þátt í.

Megin spurningin, sem rannsókninni er ætlað að svara er: Hvað telur ungt fólk að helst sé hægt að gera til þess að undirbúa það fyrir vinnumarkaðinn og bæta stöðu þess þar.

7.1 Rannsóknaraðferð

Í þessari rannsókn er stuðst við eigindlega aðferðafræði. Það sem ræður vali á rannsóknaraðferð eru forsendur og tilgangur rannsóknarinnar, það er að segja hverju á að ná fram með viðkomandi rannsókn (Taylor og Bogdan, 1998). Í eigindlegri rannsókn er áhersla lögð á almenna þætti og upplýsingar. Leitast er við að fá fram sem flest sjónarmið viðmælandans. Eigindlegar rannsóknaraðferðir byggja á afleiðslu þar sem ályktanir eru dregnar út frá gögnum og leiddar að fræðilegri umfjöllum í þeim tilgangi að setja fram tilgátu. Í eigindlegri aðferðafræði er lögð áhersla á að allir einstaklingar séu virkir túlkendur aðstæðna og draga megi lærdóm af öllum aðstæðum og fólki. Réttmæti eigindlegra rannsókna segir til um hvort verið sé að mæla það sem á að mæla (Bryman og Bell, 2007). Þar sem rannsakandinn þróar kenningar og tilgátur út frá þeim gögnum sem hann hefur aflað sér á vettvangi er mikilvægt að hann sé á varðbergi gagnvart því að hans eigin skoðanir og hugmyndir liti niðurstöðurnar. Áreiðanleiki eigindlegrar rannsóknar snýst um að hve miklu leyti aðrir rannsakendur fái sömu niðurstöður ef þeir nota sömu rannsóknaraðferð (Rúnar Helgi Andrasón, 2003; Taylor og Bogdan, 1998).

Forsendur fyrir áreiðanleika eru því að skoðanir og viðhorf rannsakandans liti ekki niðurstöðurnar. Þar sem undirrituð starfar hjá Vinnumálastofnun sem náms- og starfsráðgjafi fyrir ungt atvinnulaust fólk þá var undirrituð mjög meðvituð um þau áhrif sem rannsakandinn getur haft á viðmælendur. Undirrituð reyndi eftir fremsta megni að leggja skoðanir og viðhorf til hliðar og koma fram af opnum hug og taka öllum sjónarmiðum sem jöfnum og gildum. Undirrituð var stöðugt á verði gagnvart eigin viðhorfum og gagnrýnin á greiningu og túlkanir svo fyrri skoðanir lituðu ekki niðurstöðuna.

Rannsóknarsniðið sem notast var við í þessari rannsókn var hálfopin viðtöl sem þýðir að rannsakandinn leggur upp með viðtalsgátlista sem nær utan um viðfangsefnið. Stuðst

er við gátlistann en rannsakandinn hefur þó frelsi til að fara út fyrir hann. Með því getur rannsakandinn brugðist við áhugaverðum svörum með frekari spurningum (Bryman og Bell, 2007).

7.2 Gagnaöflun og úrvinnsla

Gagnasöfnun fór fram í febrúar 2011, tekin voru viðtöl við átta unga atvinnuleitendur, öll viðtölin fóru fram á þjónustuskrifstofu Vinnumálastofnunnar Ungt fólk til athafna. Spurningalisti eða viðtalsrammi var unnin með hliðsjón af þeim rannsóknarspurningum sem lagt var af stað með og hugmyndum höfundar og þeim upplýsingum sem hann hafði viðað að sér (sjá viðauka 2). Listinn var forprófaður í einu viðtali og var það gert til að kanna hvort orðalag spurninga væri auðskiljanlegt og hvort það væri ástæða til þess að sleppa eða bæta við spurningum.

Úrtakið var tilgangsrúttak þar sem rannsakandinn valdi þátttakendur eftir hentugleika sem uppfylltu viðmið hans um þátttöku í rannsókninni. Þátttakendur þurftu að vera atvinnuleitendur, vera 24 ára og yngri, hafa verið atvinnulausir í að minnsta kosti sex mánuði og ekki lokið neinni formlegri menntun eftir grunnskóla.

Viðtölin voru hálf opin og voru frá 30-50 mínútur hvert. Með hálf opnum viðtölum er átt við að viðtölin voru að einhverju leiti römmuð niður með viðtalsrammanum sem rannsakandinn vill fá svör við. Spurningarnar voru þó ekki hafðar í forgrunni á meðan á viðtölunum stóð en í lok viðtals var rennt yfir spurningarnar til að athuga hvort eitthvað vantaði. Viðtölin voru óformleg og oft var spurt nánar út í einstaka þætti til þess að fá betri skilning á hugmyndum og viðhorfum þátttakenda.

Viðtölin voru tekin upp á stafrænt upptökutæki og vélrituð upp samdægurs. Gögnin voru síðan greind samkvæmt eigindlegum aðferðum. Úrvinnslan fólst í því að lesa gögnin aftur og aftur yfir í því skyni að greina helstu þemun.

Þar sem um eigindlega rannsókn er um að ræða er henni ekki ætlað að hafa alhæfingargildi heldur er henni ætlað að auka skilning á tilteknum aðstæðum. Niðurstöðum er ætlað að gefa vísbendingu um að málum sé svipað háttað hjá öðrum í svipuðum aðstæðum.

7.3 Viðmælendur

Eins og áður hefur komið fram var úrtakið tilgangsrúttak þar sem rannsakandinn valdi þá þátttakendur eftir hentugleika sem uppfylltu viðmið hans. Haft var samband beint við atvinnuleitendur með símtali eða þeir beðnir um að taka þátt þegar þeir komu á þjónustuskrifstofu Vinnuálastofnunnar í öðrum erindagjörðum. Langflestir tóku mjög vel í þessa beiðni, aðeins einn hafði ekki áhuga á þátttöku. Almenn fannst þátttakendum áhugavert að fá að tjá sig um málefni ungs fólks. Þátttakendur voru átta ungir atvinnuleitendur, fimm karlmenn og þrjú kvenmenn sem endurspeglar kynjahlutfall ungra atvinnuleitenda.

Til þess að gefa mynd af þátttakendum fer hér á eftir stutt kynning á þeim. Til að gæta trúnaðar og koma í veg fyrir að hægt sé að rekja svörin hefur nöfnum þátttakenda verið breytt. Í niðurstöðum er vísað í þau með nöfnum.

Páll er fæddur 1987 og er búinn að vera atvinnulaus í tæp tvö ár. Hann leigir með vinum sínum og á barn. Hann er búinn með um 70 einingar í framhaldsskóla en hefur engan áhuga á að klára hann. Hann hefur sótt tölvunámskeið á vegum Ungs fólks til athafna og er alsæll með það og vill halda áfram á þeirri braut.

Hildur er fædd 1992 og er búin að vera atvinnulaus í sjö mánuði eða frá því hún kom úr fæðingarorlofi. Hún er í sambandi og á árs gamla dóttur. Hildur býr heima hjá tengdaforeldrum sínum. Hún hætti í framhaldsskóla eftir fyrsta árið þar sem hún var ófrísk. Hún er búin með 15- 20 einingar í framhaldsskóla. Hún getur jafnvel hugsað sér að fara aftur í skóla.

Jóhanna er fædd 1990 og er búin að vera atvinnulaus í rúmt eitt ár. Hún leigir íbúð með kærastanum í kjallaranum hjá foreldrum sínum. Jóhanna á stutt nám að baki í framhaldsskóla eða um 10 einingar. Hún er ekki viss um að hana langi aftur í skóla. Hún segir að skóli sé varla fyrir sig.

Daníel er fæddur 1989. Hann er búinn að vera á atvinnuleysisránni í tæpt ár. Hann hefur gert tvær tilraunir til þess að vera í skóla en þær hafa ekki gengið upp. Hann er búinn með 20 einingar og langar ekki aftur í formlega skólakerfið. Hann býr heima hjá foreldrum sínum.

Þór er fæddur 1990. Hann er búinn að vera atvinnulaus í sjö mánuði. Hann flakkar á milli þess að búa heima hjá mömmu sinni, þabba eða ömmu og afa. Hann er búinn með lítið í framhaldsskóla og segist ekki vita hvað hann vilji, hann segist ekki spenntur fyrir skóla eins og staðan er núna..

Gunnar er fæddur 1991. Hann er búinn að vera atvinnulaus í átta mánuði. Honum gekk ekki nógu vel í framhaldsskóla og því ákvað hann að taka sér frí í eitt ár og ná áttum. Hann vill helst af öllu komast í skóla aftur og vill mennta sig.

Elfa er fædd 1988, Hún er búin að vera atvinnulaus í eitt og hálf ár. Hún er ein með tveggja ára gamalt barn og leigir litla íbúð. Elfa á lítið eftir í framhaldsskóla og er skráð í fjarnám. Hún stefnir á að fara í háskóla.

Ari er fæddur 1989. Hann er búinn að vera inn og út af atvinnuleysiskránni í rúm tvö ár. Hann leigir íbúð með tveimur vinum sínum. Hann er hálfnaður með framhaldssóla og er skráður í fjarnám, hann getur vel hugsað sér að fara aftur í dagskóla. Ara gekk vel í skóla þegar hann sinnti náminu. Ari var í óreglu á tímabili.

8 Niðurstöður

Hér má finna samantekt helstu þemum sem fram komu í viðtölum við þátttakendur og tengjast rannsóknarspurningunum. Þemur eru: Upplifun þeirra á atvinnuleysinu, skólagangan, náms- og starfsfræðsla, Ungt fólk til athafna og í lokin er fjallað um hvaða skoðun þau hafa á vinnumarkaði unga fólksins.

8.1 Atvinnuleysið

Flestir viðmælendur voru ósáttir við stöðu sína og vildu helst fá vinnu eða komast í skóla. Einhverjir nefndu þó að atvinnuleysi væri alls ekki versti kosturinn í stöðunni eins og staðan væri í dag. Enginn þeirra taldi að atvinnuleysið hefði haft alvarleg áhrif á þá andlega. Þó nefndu nokkrir að þeir væru aðeins kvíðnir en flest notuðu frekar orð eins og leiða og að þeir myndu fyrir ákveðinni einangrun þar sem þeir væru hvorki í skóla né vinnu. Öll nefndu þau að þau yrðu stundum leið á því að vera ekki að gera neitt og vera heima.

Þór er á báðum áttum hvað honum finnst um það að vera atvinnulaus. Hann segir:

...mér finnst það bæði ömurlegt, en líka smá fínt. Mér finnst stundum gott að hafa mikinn tíma fyrir sjálfan mig að grúska og spá og speguleira og æfa sig í tónlistinni og reyna semja og svoleiðis stöff sko. En síðan verður maður frekar fúll yfir því að vera mikið einn og þá er það ekkert gaman.

Daníel lýsir upplifun sinni af atvinnuleysinu svona:

Mér líður alls ekki illa. Verð kannski stundum leiður í atvinnuleysinu en ég er samt ekkert þungur. En auðvitað ætti maður að fara að spá eitthvað í framtíðina, maður er ekkert að yngjast [hlær].

Gunnar er sá þátttakandi sem er hvað mest ósáttur við að vera á bótum. Hann sótti um í skóla um áramótin en komst ekki inn. Hann segir:

...er sko alveg að verða brjálaður á því að vera atvinnulaus mér finnst gaman að vera gera eitthvað, ekki hanga heima – æ þú skilur er svona týpa sem get ekki stoppað lengi að gera eitthvað þú -- skilur og þá nennir maður ekki þessu fokki. Það er alveg grjótfúlt að þurfa frekar að vera á atvinnuleysisbótum heldur en að fara í skóla. Maður vill hætta á atvinnuleysisbótum og fara aftur í skóla en [stynur] það er ekki hægt – skólinn er víst fullur. Mér finnst það ömurlegt, finnst ég eitthvað vera fara svo illa með tímann minn. Allir að gera eitthvað og ég bara atvinnulaus. Finnst þetta lúsaralegt.

Páll talar um að honum hafi í byrjun fundist allt í lagi að vera atvinnulaus. Hann segir:

Fyrst fannst mér það mjög gott og var bara sáttur við þetta var bara að chilla með stráknum mínum og hafði það fínt en svo fór maður að verða smá leiður --og þannig að ég var mjög sáttur þegar ég var sendur á námskeið.

Þau bera sig öll vel en vildu þó gjarnan hafa stöðuna aðra en hún er. Þau nefna nokkur að það séu svo margir atvinnulausir þannig að það sé lítið við þessu að segja. Flest nefna að þeim líði betur andlega ef þau hafa eitthvað sérstakt fyrir stafni eins og að fara á námskeið.

Ari talar um að stundum komi yfir hann pirringur og þá finnst honum allt ómögulegt. Hann segir:

Maður er auðvitað ekki að gera neina frábæra hluti að vera ungur og á atvinnuleysisbótum, meira svona afæta á kerfinu en svo fer maður að spá og fattar að það er hvort sem er allt í rugli í þessu þjóðfélagi og þá bara verður maður slakur og gerir það besta úr þessu öllu.

Flestir þátttakendur töluðu um að þegar þau væru ekki á námskeiðum þá myndu þeir snúa sólarhringnum við, sem væri alls ekki gott í langan tíma. Ari segir:

Það sem mér finnst kannski erfiðast við það að vera atvinnulaus er að halda sér á sama róli og aðrir. Maður þarf sjaldan að vakna á sérstökum tíma eða neitt þannig að þess vegna fer maður oft mjög

seint að sofa og er stundum svolítið anti social. Mér líður heldur ekki vel ef ég sný sólarhringnum við í langan tíma.

Staða Hildar er ólík annarra viðmælanda minna að því leiti að hún er með barn sem ekki er komið inn á leikskóla eða til dagmömmu, hún er því ekkert svo ósátt við stöðuna eins og hún er. Hún segir:

Ef ég á bara að segja satt þá finnst mér það bara fínt því ég er með stelpuna mína og finnst bara eins og ég sé ekki atvinnulaus heldur frekar svona bara svona heimavinnandi eða þannig þú veist. Ég vill auðvitað ekki vera lengi atvinnulaus en núna er þetta sko ekkert það versta þú skilur. Ég er sko ekkert svakalega stressuð yfir atvinnuleysinu en ég væri það auðvitað ef ég væri ekki með lítið barn þá væri þetta alveg ömurlegt.

Elfa er einnig með barn en hún er með dagvistun. Hún segir:

Helst vildi ég auðvitað vera í vinnu eða skóla þetta er auðvitað svolítið tilgangslaust en ég reyni bara að hugsa ekki mikið um það þannig. Ég reyni bara að gera það besta úr þessu og er í fjarnámi og fer á námskeið og svoleiðis.

Þegar þau eru spurð út í hvað þeirra nánustu segi um að þau sé á atvinnuleysisbótum þá virðist fjölskyldan oftast hafa einhverjar áhyggjur af þeim. Aðstandendur virðast hafa áhyggjur af því að unga fólkið einangrist og ekki síður hversu illa þau eru að fara með tímann sinn. Daníel segir að fólkið hans hafi áhyggjur af stefnuleysi sínu. Hann segir:

Þau vilja endilega að ég fari að gera eitthvað, þeim finnst ég ansi metnaðarlaus að stefna ekkert. Þau eru ánægð þegar ég fer á námskeið eða þegar ég fer að reyna fá vinnu. Það sem mamma þolir minnst af öllu í heiminum er þegar ég sef lengi. Hún bara meikar það ekki að ég sé að vakna klukkan tvö eða þrjú á segjum fimmtudegi þá fer allt í voll.

Þór, Gunnar og Páll segja allir að fjölskyldan hefði mun meiri áhyggjur af þeim ef þeir væru ekki að sækja námskeiðin hjá Ungu fólki til athafna. Elfa segir að reglulega hafi fólkið hennar áhyggjur af því að henni leiðist heima en þess á milli séu þau ekki mikið að hugsa um það. Jóhanna segir:

Fyrst voru þau eitthvað að tala mikið um þetta og alltaf að benda mér á hin og þessi störf en núna eru þau ekkert að skipta sér mikið af þessu. Eru kannski bara búin að venjast því að ég sé atvinnulaus.

Almennt bera þátttakendur sig vel þó fram komi ákveðinn leiði yfir aðgerðarleysisinu. Þau segja flest að ef þau hafi ekkert fyrir stafni þá snúi þau sólarhringnum við og þá hætti þeim á að einangrast.

8.2 Skólagangan

8.2.1 Námsárangur og stuðningur heima fyrir

Flestum viðmælendum gekk ekki vel í skóla. Einhverjum gekk ágætlega í grunnskóla en þegar í framhaldsskóla kom þá fór að síga á ógæfuhliðina. Ástæðurnar eru margar, einhverjir glímdu við lesblindu og athyglisbrest og þegar námið varð þyngra þá var erfiða að eiga við það. Margir nefndu þó að aðalástæðan hafi verið leiði og áhugaleysi. Námið hefði ekki náð að höfða til þeirra og því hafi þeir hætt. Einelti og oft lítill hvatning að heiman eru einnig þættir sem virðast hafa haft áhrif á skólagöngu þessara viðmælenda minna. Hildur segir:

Ég hef, hef-- aldrei almennilega gefið skólanum tækifæri, ég held mér gangi ágætlega en ég hef næstum því aldrei lagt mig fram, ég er bara ekki þessi skólatýpa er eittvað svo mikill lúði. Nenni aldrei neinu.

Gunnar talar líkt og nokkrir viðmælendur mínir um að hann sé með einhverja greiningu en ekki fengið nein sérstök úrræði. Hann segir:

Ég er sko með einhverja greiningu á athyglisbrest en það hefur svo sem ekkert verið sérstaklega spáð í það nema ég fæ 30 mín lengri tíma í prófi. Mér hefur bara alltaf gengið frekar illa nema í ensku þar er ég mjög góður en ég var ekkert áberandi tossi – var kannski fyrir neðan meðaltal en samt ekkert lélegastur eða þannig.

Páll talar um lesblindu sína og segir:

Ég er sko með einhverja lesblindu þannig að þetta var allt frekar töff- en ég gat þetta samt þurfti bara að hafa fyrir hlutunum, já og nei held samt fyrst og fremst hafi þetta verið áhugaleysi. Ég fór nefnilega í kerfisumsjón og þar þurfti maður að lesa svaka doðrant allan á ensku og margir nemendur sem ekki eru lesblindir voru að kvarta – þeim fannst þetta svo erfitt en ekki mér sko.

Daníel talar einnig um að hann sé með greiningu um athyglisbrest en lyfin hafi ekki farið nógu vel í hann og því hafi hann fljótt hætt að taka lyfin. Hann segir:

Ég get ekkert setið kyrr í langan tíma, skólinn hefur því ekki gengið neitt sérstaklega vel. Var svona tossi – en samt ekkert rosa áberandi, ég var svolítið óþægur en ekki með neitt mikið vesen.

Þór er alveg með það á hreinu hvers vegna námið hafi ekki gengið nógu vel há honum, hann segir:

Áhugaleysi númer eitt, tvö og þrjú absolute. Ég get alveg lært ef ég nenni. Bara hef ekki neinn áhuga á þessu.

Ara gekk vel í skóla. Hann segir:

Mér gekk vel og var mjög hár á samræmdu í stærðfræði og fékk verðlaun þegar við útskrifuðumst. Stærðfræði er sko mín grein.

En þegar hann kom í framhaldsskóla þá breyttist staðan. Ari segir:

Mér fannst kennararnir ekki hafa eins mikinn áhuga á mér og maður var ekki hvattur neitt áfram. Mér fannst skólinn ekki neitt sérstakur því hann var svo stór og maður var aldrei með sömu krökkunum og allt það.

Elfu gekk einnig vel í grunnskóla. En að eigin sögn var hún of upptekin í framhaldsskóla til þess að ná að halda áfram. Hún vann mikið með skóla og telur að vinna og mikið skemmtanalíf hafi gert það að verkum að hún hætti námi. Elfa er í fjarnámi í dag og á lítið eftir til þess að klára stúdentspróf.

Þrír af viðmælendunum fengu mikla hvatningu heima fyrir til þess að stunda nám sitt. Þeir sem fengu stuðning nefndu allir að hann hefði helst til verið of mikill og foreldrar þeirra hefðu haft of miklar áhyggjur af þeim og skólagöngu þeirra. Þór talar um að það hafi í raun létt á fjölskyldunni að hann hafi hætt í skóla þar sem foreldrar hans hafi haft svo miklar áhyggjur af honum. Hann segir:

Æi þetta voru bara endalaus vonbrigði ég ekki að standa mig, ég tæpur á mætingu ég að klúðra öllu því sem ég gat klúðrað og mamma og pabbi voru bara ekki að meika þetta.

Í fjölskyldum viðmælendanna sem fengu mikinn stuðning virðist vera mikil áhersla á menntun og háskólamenntað fólk í fjölskyldunni.

Aðrir töldu sig hafa fengið lítinn stuðning og hvatningu þó enginn þeirra teldi að það hafi ráðið úrslitum þegar þau ákváðu að hætta námi. Þau töluðu flest um að foreldrarnir hafi ekki mikið verið að skipta sér af þeim Hildur segir að stuðningur og hvatning hafi verið til staðar þegar hún var yngri en þegar hún fór að eldast þá varð hann enginn. Jóhanna segir:

Pabbi hefur samt einhvern tíma rætt það að ég ætti að reyna mennta mig eitthvað svo ég endi ekki sem verkamaður eins og hann en síðan sko segir hann ekkert meira.---Mamma og pabbi eru ekki beint þannig fólk að þau séu mikið að spá í okkur krökkunum. Við gerðum það sem við vildum.

Hildur segir meðal annars um stuðning:

Ég held samt að aðal málið sé að ef maður fær svona eitthvað pepp heima og foreldrarnir vilji að þú reynir að vera í skóla og lærir og allt það þá séu meiri líkur á að maður haldi áfram. Ég ætla að spá meira í skólanum hjá stelpunni minni en gert var við mig.

Fæstum þátttakendum gekk vel í skóla. Þau nefna flest að þau hafi fengið lítinn stuðning í skólanum og að heima hafi ekki mikil áhersla verið lögð á nám almennt.

8.2.2 Hvers vegna hættu þau í námi, er eitthvað sem skólinn getur gert?

Flest tala þau um að þau hafi verið svolítið utanveltu í skólanum og fæst tala þau um að skólalífið hafi verið skemmtilegt. Það er athyglisvert að einungis einn viðmælanda minna nefnir það að honum hafi fundist mjög gaman í framhaldsskóla, Daníel nefnir að það hafi verið fínt í frímínútum en annars er það eingöngu Gunnar sem var ánægður, hann segir:

Mér fannst það mjög fínt.. Ég fór með vinum mínum og kynntist síðan fullt af liði sem var bara fínt. Mér fannst líka geðveikt í grunnskóla sko ekki af því að mér fannst svo gaman að læra sko – en bara allt hitt. Ég var í skemmtilegum bekk og ég átti fullt af vinum.

Aðrir virtust ekki finna sig í skólanum. Það að passa hreinlega ekki inn í skólaumhverfi er upplifun sem þau virðast mörg hver hafa haft.

Hildur talar um að hún hafi aldrei fundið sig í skóla og aldrei liðið vel, hún lenti í einelti í grunnskóla, hún segir:

Ég bara fittaði ekki vel inn, ég var frekar fullorðinsleg og svona bráðþroska og held mér hafi bara alltaf fundist krakkarnir frekar barnalegir.

Páll notar einnig orðið „fitta” og segir almennt um skólagöngu sína:

. ég held ég hafi aldrei einhvern veginn fittað inn. Annað hvort var ég alltof fljótfer eða ég vandaði mig of mikið og var of seinn svo skildi ég ekki nógu mikið og síðan áttu allir að fara út í fótbolta og ég kunní ekkert í fótbolta og svona var þetta allt. Skólinn bara var ekki neitt fyrir mig.

Jóhanna, Hildur og Ari tala öll um að þau hafi týnst inni áfangaskólum og ekki fundið neinn stuðning þar. Jóhanna segir:

Mér finnst þetta fjölbrautsystem ekki alveg vera að virka. Ég var sko og er enn með rosalega lítið sjálfstraust og treysti mér ekkert í þetta. Ég var aldrei með sama liðinu og mér fannst það bara helvíti erfitt [hóst]. ,,,,. ég var aldrei í tímum með neinum sem ég þekkti og því var þetta sko ekki að gera sig.

Jóhanna telur að það sé eitthvað að sér og segir:

Það er bara eitthvað með mig að gera. Ég hafði bara ekki sjálfstraust til þess að vera ein í tímum. Ég var alltaf svo hrædd um að gera mig að fífl.

Ari talar mikið um að honum hafi ekki fundist neinn hafi áhuga sér og því hafi hann smátt og smátt misst áhugann. Hann fór út í óreglu eftir fyrsta ár í framhaldsskóla, hann segist ekki alveg átta sig á því hvort vonbrigði með framhaldsskólann hafi átt þátt í því.

Þór segir:

Leiði, áhugaleysi voru svona helstu ástæðurnar held ég --bara nennti þessu ekki og fannst ekkert gaman.

Mörg nefndu það að námið hafi ekki hentað þeim og alls ekki verið nógu spennandi.

Páll segist hafa verið á tölvubraut og hann hafi verið ánægður í slíkum áföngum en honum hafi ekki fundist þeir nógu margir og hann hafi þurft að taka fullt af bóklegum fögum sem hann hafi minni áhuga á. Hann talar um að honum finnist námið í framhaldsskóla ekki nógu spennandi og alls ekki fyrir sig, hann segir:

Ég er ekkert á bömmur að vera ekki vera með stúdentspróf þó ég skilji alveg í sum fög er það alveg nauðsynlegt t.d. læknafræðingur og svoleiðis en ég hef hvort sem er ekki áhuga á því.

Þór segist alls ekki hafa fundið sig í náminu og leiðst allan tímann. Hann setur spurningamerki við námið sjálft og segir:

Mér finnst að það þurfi ekki allir að fara sömu leiðina. Ég hefði bara viljað læra eitthvað svo ég yrði betri manneskja eins og siðfræði eða eitthvað svoleiðis stöff. Mér finnst mjög gaman að lesa heimspeki og þæla í henni. En þeir sem eru ekki góðir í skóla fá nú varla að fara að læra og þæla ýkt á fyrstu önn. Á Íslandi þurfa allir að verða eitthvað rosa.

Gunnar talar um að honum finnst það mætti aðeins breyta náminu. Hann segir að honum finnst ekki nógu gott að í iðnnámi þurfi fyrst að fara í grunndeild sem er með svo mikið af bóklegum fögum og síðan fari þau í verklegar greinar og þá eru kannski margir búnir að gefast upp. Hann segir:

Já ef ég væri búinn með mikið í verklega þá myndi ég kannski reyna að drusla mér í gegnum hitt en maður fær ekki að fara strax í allt verklega nema vera búinn með hitt og þetta.

Jóhanna talar einnig um áhersluna á bóklegt nám. Hún segir:

Mér finnst svo asnalegt við skólakerfið hvað maður þarf alltaf að læra allt þó maður viti alveg hvað maður vill læra. Ef maður vill kannski verða bakari þá þarf maður að læra dönsku og íslensku og stærðfærði og allt þetta. Mér finnst að maður eigi að læra það að vera bakari og læra síðan kannski dönsku til að læra danskar uppskriftir og svona bakara stærðfræði og eitthvað svoleiðis en í staðin er fólk bara sett í áfanga sem eru þeir sömu og þeir sem ætla að verða læknar og kennarar þurfa að fara í. Þetta finnst mér rosa asnalegt.

Þór hefur mjög ákveðnar skoðanir á skólakerfinu og segir:

Það sem mér finnst mikilvægast þegar maður er í grunnskóla er að manni líði vel og eignist vini síðan í framhaldsskóla á maður að fá að gera það sem manni langar að læra. Það á auðvitað að vera stúdentsbrautir fyrir þá sem vilja fara í háskóla en mér finnst líka að það ættu bara að vera svona brautir fyrir þá sem vilja vera í skóla og langar að læra eitthvað ákveðið en það þarf ekki að stefna neitt

sérstakt sko bara mennta sig og auka við þekkingu sína án þess að meika það.

Skoðanir Þórs eru mjög áhugaverðar og gætu að mörgu leiti verið skoðanir flestra þátttakenda sem voru ekki að finna sig í námi en vilja samt fá einhverja menntun.

Þegar viðmælendur eru spurðir hvort skólinn hefði getað gert eitthvað til þess að koma í veg fyrir að þau dyttu út eru þau ekki alveg viss. Fæst hafa þau þó leitað til einhvers innan skólakerfisins til þess að fá upplýsingar og ráðgjöf og í fæstum tilfellum var þeim boðin ráðgjöf af fyrra bragði.

Ari og Þór nefna báðir að þeir hafi upplifað að enginn hafi haft áhuga á þeim í skólanum.

Jóhanna segir þó að hún hafi talað við námsráðgjafa, en það hefur líklegast verið of seint.

Hún segir:

Ég talaði við námsráðgjafa – rosa fín kona og hún reyndi að hjálpa mér. Hún færði mig einu sinni í tíma með stelpu sem ég þekkti og hún reyndi líka að tala við mig hvað væri hægt að gera svo ég hætti ekki. Ég var bara alveg búin að ákveða þetta þannig að hún gat sko ekki hjálpað mér.

Hildur talar um stuðning í grunn- og framhaldsskóla og segir:

Það var alveg örugglega hægt að fá fullt af stuðningi og aðstoð ef maður vill í skólanum bæði í grunnskóla og framhaldsskóla en maður þarf örugglega að sækja hann sjálfur það kemur auðvitað enginn og segir þér að þú þurfir stuðning er það?

Þór telur að skólinn hafi jafnvel getað komið eitthvað til móts við hann, einhver innan skólans hefði getað skoðað með honum hvað hentað honum betur. Daníel leitaði ekki til neins ráðgjafa og virðist hafa haldið að nemendum þyrfti að líða mjög illa til þess að hafa samband við ráðgjafa. Hann segir:

Ég veit alveg að það voru ráðgjafar þarna einhvers staðar en ég vissi ekkert af þeim og sótti ekkert í þá enda leið mér ekkert illa – ég meina átti alveg féлага, ég var ekki í neinum þannig vandræðum. Ég bara ég var ekki að ná nógu vel námsefninu og þá lærði ég ekki

heima þar sem ég var svo lélegur og þá auðvitað kolféll ég en ég var samt ekkert keis.

Páll er mjög upptekinn af því að hann hafi ekki vitað um alla þá möguleika sem bjóðast í símenntunarkerfinu og hjá Tölvuskólanum og undrast það mjög að hann hafi ekki fengið einhverja fræðslu um það í skólanum. Hann hefði viljað að skólinn benti honum á aðrar leiðir fyrst skólinn virtist ekki henta honum. Páll segir:

...mér finnst bara að það megi segja manni hvað er í boði annars staðar, auðvitað á maður að fatta svona sjálfur en ég vissi ekkert um aðra möguleika sko. Ég hélt að tölvuskólar væri bara svona skrifstofuskólar.

Áhugi á námi er mjög misjafn hjá þátttakendum. Einhverjir myndu stökkva á fyrsta tækifæri til þess að fara aftur í skóla byðist þeim það á bótum á meðan aðrir eru efins um áhuga og getu og enn aðrir hafa hreinlega engan áhuga að minnsta kosti ekki alveg strax.

Þegar Jóhanna er spurð út í það hvort hún geti hugsað sér að fara í skóla, svarar hún:

Það er auðvitað mjög ólíklegt að ég fari bráðlega í skóla, þar sem hef ekki nógu mikinn áhuga --veit ekki hvort ég hef egó og getu til þess og svo á ég ekkert pening þó allt annað væri í lagi. Þannig að líkurnar eru ansi litlar sko. Ég er sko ekkert á bömmur yfir því [hóstar] ég vill bara fá skemmtilega vinnu.

Hildur segir:

Málið er að ég væri alveg til í að fara að læra eitthvað. [langt hik] Ekki neitt langt en svo maður fái einhver réttindi en--- en sko ég hef bara ekki efni á því. Líklegast sjúkraliða eða nuddari eða eitthvað svona sem hægt er að læra í nokkur ár og þá er maður bara búinn. Ég er samt stressuð þegar ég hugsa um það, vill fá réttindin er ekkert spennt fyrir að fara í svona skóla sko.

Ari og Elfa segjast bæði myndu stökkva á skóla byðist þeim að klára stúdentspróf á bótum. Þau eru bæði á því að þeim gæti vegnað vel í háskóla þar fengju þau loksins að læra nákvæmlega það sem þau hafa áhuga á.

Þrír af átta viðmælendum mínum eru í raun spennt fyrir almenna skólakerfinu. Hin segja annaðhvort að þau vilji það alls ekki eða þau séu að minnsta kosti mjög efins um það og ítreka að þau séu ekki spennt fyrir bóklegu námi. Jóhanna segir:

Ég myndi ekki vilja að þið [VMST] segðuð mér að ég ætti að fara í einhvern skóla og læra eitthvað. Ég er ekki spennt að fara í skóla – ég meina svona venjulega framhaldsskóla. Það er sko mikill munur hvort þú ert að fara í svona venjulegan skóla með fullt af fólki eða bara inn á eitthvað námskeið.

Elfa sem er einstæð móðir og hefur mikinn áhuga á námi og að fara í háskóla segir um sína skólagöngu:

Þetta tekur allt svo mikinn tíma hjá mér—er að fara svo erfiða leið. Margir kunningjar mínir úr menntó eru löngu byrjaðir í háskóla og einhverjir útskrifast á þessu ári og þegar ég hugsa um það þá finnst mér ég hafa svo eitthvað setið eftir og þá fer ég smá að vorkenna sjálfri mér. – En svo næ ég áttum og geri mér grein fyrir því að það þarf ekkert að vorkenna mér. Ég valdi þetta sjálf – algjörlega.

Þór, Páll og Daníel sjá það ekki fyrir sér að þeir muni vilja fara inn í almenna skólakerfið á næstunni. Þeir vilja allir bæta einhverju við sig annað hvort eins og Páll í tölvuskólum eða á öðrum vettvangi. Þeir vilja alls ekki fara í bóklegt nám og eins og Þór segir:

... þú veist, bara eins og staðan er í dag er skóli ekki fyrir mig, það fara bara allir í sama pakkann, alveg sama hvað markmið maður hefur. Mig langar bara til að gera eitthvað annað ég veit bara ekki hvað. Allavega ekki að læra endalaust eitthvað sem maður hefur takmarkaðan áhuga á.

Þegar Ari er spurður út í möguleika sína á að fara í nám og fá stuðning að heiman þá segir hann:

Nei ég er búin að klúðra því að eiga einhvern séns að fá að búa heima og vera í skóla – ég þarf sko ekkert að spá í það enda er ég líka fluttur að heiman og allt það. Ég myndi aldrei biðja foreldra mína um pening svo ég gæti farið í skóla—aldrei sko.

Leiði, lélegur námsárangur, rangt námsval og að þau upplifðu sig utanvelta í skólanum eru þær ástæður sem flestir nefna sem ástæðu þess að þau hafi fallið úr skóla. Þau nefna mörg að þau hafi upplifað að engin hafi haft áhuga á þeim í skólanum.

8.3 Náms- og starfsfræðsla

Hjá flestum var valið á framhaldsskólanum ekki vel ígrundað. Flestir fóru í hverfisskólann sinn eða í þann skóla sem þeir komust inn í með þær einkunnir sem þau fengu úr samræmdu prófunum og 10. bekk. Mörg þeirra mundu illa eftir því hvernig þau tóku þá ákvörðun að fara í þá skóla eða á þær brautir sem þau enduðu í eftir grunnskóla. Jóhanna segir að krakkarnir sem hún umgekkst hafi flest farið í annan skóla en hún hafi ekki komist þangað af því hún var ekki með nógu góðar einkunnir. Því hafi hún farið í skóla þar sem hún þekkti ekki marga. Jóhanna og Hildur nefna báðar að þær hafi getað pantað tíma hjá námsráðgjafa til þess að spjalla um val á skóla en hvorug gerði það. Hildur segir:

..jú auðvitað við gátum farið með foreldrum okkar í skólana en ég gerði það ekki. Ég vissi líka bara að þetta væri fínn skóli fyrir mig og mínar einkunnir og síðan spáði ég ekkert meira.

Mörg þeirra nefna að þau hafi aðallega fengið fræðslu í hvaða skóla þau ætu farið í miðað við þær einkunnir sem þau voru með. Jóhanna segir:

Við fengum einhverja smá fræðslu en þegar maður er ekki með fínar einkunnir þá hefur maður varla mikið val um skóla. Maður fer bara þar sem maður kemst inn. Ég var ekkert að spá í brautir enda þarf maður alltaf að taka það sama í grunninn, maður losnar ekkert við bóklegu fögin.

Daníel undar sig á því hvers vegna enginn hafi sest niður með honum og skoðað aðra möguleika en bóknámsskóla. Hann veit þó ekki hvort það hafi nokkru skilað því heima hjá honum var mikil áhersla á að hann tæki stúdentspróf og færi helst í háskóla. Hann segir:

Ég var auðvitað bara í skóla þar sem eru bara kennd bókleg fög og enginn spáði í neitt annað þegar ég valdi skóla. Ekki ég eða mamma eða bara kennararnir mínir í grunnskóla. Mér finnst það smá merkilegt að enginn leiðbeindi manni. Hey hér er strákur sem er ekkert rosa áhugasamur í bóklegu hvað ætti hann helst að gera.

Þór man ekki hvers vegna hann valdi að fara á tölvubraut en telur líklegt að það hafi verið til þess að reyna að minnka áherslu á bókleg fög, hann segir:

Ég man það ekki, held að mamma hafi örugglega sagt mér að velja hana (tölvubraut). Ég hef engan áhuga á tölvu nema bara til þess að fara á internetið. Þannig að það var bara rugl eins og öll skólagangan.

Ari nefnir ákveðinn kennara sem virðist hafa haft mikil áhrif á hann og hafa frætt hann um þær brautir sem hentuðu honum. Hann segir:

.ég man allavega að stærðfræðikennarinn minn sagði mér að ég ætti eða kannski ekki ætti heldur að það væri best fyrir mig að fara á náttúrufræðibraut því ég væri svo góður í stærðfærði. Hún var alveg frábær og var alltaf að hrósa mér og segja mér hvað ég væri flinkur.

Elfa var ánægð með sína fræðslu og fór í skólaheimsóknir til þess að fá frekari upplýsingar. Hún segir:

Við fórum í skólana og fengum að spjalla við nemendur og kennara og þannig --þetta var svona opið hús, svona þegar fullt af liði kemur og kíkir á skólann. Ég ákvað í hvaða skóla ég ætlaði eftir svona heimsókn.

Þegar viðmælendur mínir eru spurðir út í náms- og starfsfræðslu þá kom smá hik á marga og því þurfti aðeins að útskýra aðeins fyrir þeim við hvað var átt. Langflestir

höfðu fengið einhverja fræðslu um nám og störf en enginn taldi sig hafa fengið markvissa fræðslu.

Þór sagði frá því að einhverjir foreldrar hefðu komið og sagt þeim frá störfum sínum og hvaða menntun fólk væri með. Honum fannst hann ekki fá mikið út úr þessari fræðslu og sagði:

Þetta var kjánalegt, það komu einhverjir foreldrar og sögðu okkur frá vinnunni sinni en við krakkarnir vorum ekkert að spyrja þá nema einn þabbann sem var leikari það var gaman að spjalla við hann. Pabbi hafði ekkert merkilegt að segja bara, best að fara í MR og síðan í HÍ vera dugleg að læra og bla bla.. hinir foreldrarnir voru ekkert skárri, ægi svona eftir á þá var þetta bara frekar fyndið bara fullt af foreldrum að segja okkur að vera dugleg og þá getum við fengið fín job.

Fyrirtækjaheimsóknirnar virðast hafa farið fyrir ofan garð og neðan hjá þátttakendum. Einhverjir tengdu heimsóknirnar og vinnudaga í fyrirtækjum við frí úr skóla eftir samræmdu prófin frekar heldur en eiginlega starfsfræðslu. Í flestum tilfellum virtust það vera umsjónarkennarar sem skipulögðu fræðsluna. Gunnar segir:

í 10. bekk fengum við einhverja smá fræðslu og síðan fórum við á einhverja staði til þess að skoða hvernig fólk vinnur og áttum að skrifa smá ritgerð. Ég fór í Ölgerðina og sá hvernig þeir framleiða Pepsí. Algjört bull Ég stefni auðvitað ekkert á það að vinna á færibaldi, kannski enda ég þar en ég stefni ekki þangað.

Hjá öllum viðmælendum var náms og starfsfræðsla lítil í grunnskóla. Þau höfðu einhver farið í starfsfræðslu í fyrirtæki, sem var ómarkviss og virtist ekki skila tilætluðum árangri

8.4 Ungt fólk til athafna

Viðmælendur voru að flestu leiti ánægðir með átakið Ungt fólk til athafna.

Margir tala um að þeim finnst gott að komast á námskeiðin til þess að komast í einhverja rúttínu og hafa eitthvað til að vakna til. Margir nefna það einnig að fjölskylda þeirra sé mjög sátt við að þau séu að gera eitthvað uppbyggilegt. Helmingur þátttakenda nefna það sérstaklega hversu ánægðar fjölskyldur þeirra eru með átakið og að þau séu að nýta tímann og gera eitthvað uppbyggilegt.

Gunnar talar um að hann hafi átt smá erfitt tímabil og þá hafi átakið hjálpað honum mikið. Hann segir:

Þetta átak fyrir unga fólk er alveg að bjarga mér, mér finnst þetta bara snilld...já þetta er mjög fínt að fá að fara á námskeið og hitta annað fólk á daginn og kynnast einhverjum og spjalla – þú veist bara svona social stöff.

Gunnar telur að þau námskeið sem hann hafi sótt geti hjálpað honum að fá vinnu en hann vill þó helst af öllu fara í skóla, hann segist ekki vera tilbúinn að koma inn á vinnumarkaðinn strax. Páll er mjög ánægður með það að hafa fengið að fara á námskeið en er efins um að það sé rétt að skylda fólk í virkni, hann er á því að fólk eigi að fá að stjórna sínu lífi. Páll talar um að það hafi hentað sér mjög vel að fá smá spark enda sé hann búinn að vera alltof lengi atvinnulaus en kannski henti það ekki öllum. Allir þátttakendur nema Hildur hafa sótt að minnst kosti eitt námskeið. Hildur er í fjarnámi og hefur ekki óskað eftir að sækja námskeið samhliða því.

Jóhanna er mjög ánægð með bæði námskeiðin sem hún hefur farið á. Hún er að öllum líkindum komin með vinnu sem hún fékk í tengslum við annað námskeiðið og í raun það tengslanet sem hún myndaði þar. Jóhanna er mjög sátt við átakið og segir:

Mér fannst gaman að geta valið um svona mörg námskeið Ég hefði aldrei farið á þetta námskeið ---, þarna starfsnámsstudningsfulltrúa, ef þetta hefði ekki verið boði og síðan fór ég líka á tölvunámskeið sem ég hafði gott af að fara á. Var ekki nógu góð í tölvum.

Ari er í raun sá eini sem er ekkert sérstaklega sáttur með þau námskeið sem eru í boði. Hann telur að öll námskeiðin verði að gefa framhaldsskóla einingar svo þau gagnist. Hann er búinn að fara á eitt námskeið en er í fjarnámi og vill einungis vera í framhaldsskóla og reyna að klára stúdent. Hann talar mikið um að það sé ekki nógu gott að hann megi eingöngu taka 9 einingar í framhaldsskóla á meðan hann er á bótum.

Elfa er búinn að fara á eitt námskeið en hún er einnig í fjarnámi, hún segir:

Mér finnst samt frábært að það sé svona átak og það getur örugglega hjálpa mörgum að fara á námskeið og gera eitthvað annað en að hanga heima þú skilur en ég veit alveg hvað ég vill og því er þetta kannski ekki að breyta neitt miklu fyrir mig nema svona að fara út og hitta fólk, mér fannst það mög gaman.

Daníel talar um að hann hafi mikið reynt að komast undan að fara á námskeið og jafnvel kynningafund þar sem námskeiðin eru kynnt því hann var svo hræddur um að vera skyldaður á eitthvað bóklegt námskeið. Hann var sáttur eftir fyrsta námskeiðið og er á sínu öðru námskeiði. Páll er sá viðmælandi sem er hvað ánægðastur með námskeiðin sem eru í boði fyrir ungt atvinnulaust fólk. Hann fór á námskeið í Kerfisumsjón og fannst það mjög áhugavert og skemmtilegt. Honum gekk mjög vel og er í framhaldsnámi núna. Páll segir um námskeiðið:

Já þetta var alveg frábært og þetta er svona í fyrst skipti sem mér fannst eitthvað ganga alveg upp hjá mér. Eins og ég sagði áðan þá vissi ég, hafði ekki hugmynd um að það væri hægt að fara á svona mörg námskeið sem maður fær diplómu fyrir án þess að vera í skólum

Páll heldur áfram og segir:

Já er mjög sáttur við þetta og öll fjölskyldan mín. Mamma og pabbi borga fyrir mig framhaldsnámskeiðið því þau eru svo ánægð með að ég sé loksins búinn að finna hvað ég vill gera.

Þegar viðmælendur voru spurðir hvort þau væri með einhverjar hugmyndir að nýjum námskeiðum eða hvernig hægt væri að hjálpa ungu atvinnulausu fólki þá kom þó nokkuð af hugmyndum. Sumir leggja aðaláherslu á að aðstoða fólk við að fá vinnu.

Páll vill gjarnan að námskeiðin væru með starfsþjálfun á eftir svo atvinnuleitendur geti fengið einhverja starfsreynslu og náð að sanna sig. Honum finnst námskeiðin hálf tilgangslaus ef enga vinnu er að hafa við það sem þau eru búin að læra

Daníel telur einnig að það væri líklegast best ef hægt væri að hjálpa ungu fólki að fá vinnu. Hann segir:

Ég væri sko alveg til í að hægt væri að hjálpa mér að fá einhverja vinnu tengda hreyfingu þannig að ég gæti fengið reynslu manni vantar alltaf reynslu.

Aðrir leggja aðaláherslu á að hjálpa ungu fólki að komast aftur inn í skóla og jafnvel skoða námsframboðið. Gunnar segir:

Mér finnst bara að það væri sko best að hjálpa okkur sem eru atvinnulaus að fara aftur í skóla. Síðan finnst mér líka að það ætti alveg að skoða hvort það þarf að vera svona mikið bóklegt í öllu iðnnámi... ef ég væri búinn með mikið í verklega þá myndi ég kannski reyna að drusla mér í gegnum hitt en maður fær ekki að fara strax í allt verklega nema vera búinn með hitt og þetta

Ari og Elfa taka í sama streng og vilja auka möguleika atvinnulausra að mennta sig í almenna menntakerfinu. Ari segir:

Mér finnst sko að ef maður er kominn yfir vissan aldur og langar að klára stúdent þá eigi maður að mega gera það á atvinnuleysisbótum. Síðan finnst mér líka að það eigi að hjálpa fólki meira að fá almennilega vinnu ekki bara einhver þrif og svona inn á leikskólum sem er mjög illa borgað.

Elfa er í nú einingum í fjarnámi og finnst námið ganga hægt á atvinnuleysisbótum, hún segir:

Ég er samt mjög þakkalát að fá að vera í 9 einingum í fjarnámi þó ég vildi alveg vera í meira en ég skil alveg að það er ekki hægt að leyfa fólki að vera í endalausum námi. Mér finnst kannski að það mætti hjálpa þeim sem búa ekki heima og eru einir með börn --

mætti kannski leyfa þeim að vera í meira því annars getur maður bara ekkert verið í skóla, þú skilur.

Hildur talar einnig um að líklegast sé það best að hjálpa ungu fólki að komast í skóla, hún segir:

Það væri fínt ef fólk gæti verið í skóla á atvinnuleysisbótum. Það eru margir sem geta bara ekki verið í skóla því þeir þurfa að sjá um sig sjálfir eiga kannski börn eða bara þurfa að leigja. [Stynur og virkar smá pirruð] Ef maður er kannski tuttugu ára og er búinn að vera vinna og verður svo atvinnulaus þá getur maður ekki bara sí svona flutt heim og beðið mömmu og pabba að borga fyrir mann upphald og skólabækur og allt. Ég held að það geti ekki allir gert það.

Bæði Jóhanna og Hildur leggja þó áherslu á að það verði að vera valkostur að fara í skóla, skóli henti engan vegin öllum og margir eigi ekki góðar minningar úr skóla.

Hildur segir:

En það er sko ekki víst að nærri allir sem eru á atvinnuleysisbótum vilji fara í skóla sumum finnst skóli ekkert skemmtilegur og langar ekkert að fara í skóla. Það getur nefnilega verið hundleiðinlegt líka í skóla. Ég veit ekki einu sinni hvort ég geti verið í skóla en ég vill samt reyna það.

Þau töldu almennt að námskeiðin hefðu gert sér gott, bæði með því að aukið möguleika þeirra á vinnumarkaði en einnig hjálpað sér að komast út úr húsi og hitta fólk sem ekki væri síður mikilvægt. Þátttakendur vildu aukna möguleika fyrir atvinnuleitendur í hinu almenna skólakerfi og einnig vildu þau að starfsnám yrði tengt við námskeiðin, sem gæfu þeim þá möguleika á starfsreynslu.

8.5 Vinnumarkaðurinn

Flestir þátttakenda unnu eitthvað með skóla, einungis einn þeirra telur að vinna með skóla hafi orsakað það að hann hætti námi. Einn viðmælandinn, Jóhanna segist hafa þurft að vinna til þess að sjá fyrir sér og meðal annars að kaupa skólabækur og aðrar nauðsynjar. Hinir voru frekar í vinnu því það voru allir að vinna eða vegna þess að þeir vildu hafa enn frekar á milli handanna. Daníel segir:

Ég meina það var ekkert must fyrir mig að vinna, ég fékk alveg peninga hjá mínu fólki og þurfti ekkert að vinna. Það voru bara allir að vinna þannig að ég fékk vinnu með vini mínum.

Elfa telur að ein af ástæðum þess að hún hafi hætt námi hafi verið vegna þess að hún fékk svo mikla vinnu þannig að vinnumarkaðurinn togaði í raun í hana. Sjálf segist hún alls ekkert hafa þurft að vinna heldur hafi þetta frekar verið að hún hafi leyft sér meira af því hún vann svo mikið. Þegar hún er betur spurð út í áhrif vinnunnar á skólann segir hún:

...sko ég varð að vinna því ég vildi eiga svo mikinn pening en auðvitað ef ég hefði ekki fengið svona mikla vinnu þá hefði ég örugglega ekki hætt – en samt mér fannst ég ekkert vera hætta bara smá pásu.

Atvinnuleitin hjá viðmælendum mínum hefur almennt ekki verið markviss og þeir hafa verðið misjafnlega duglegir að sækja um störf. Sumir hafa sótt töluvert um á meðan aðrir hafa lítið sem ekkert sótt um. Flest minnst þau á að það sé erfitt að vera ungur og ómenntaður. Flest störf krefjast einhverrar menntunar og því séu ekki um mörg störf um að velja. Staða þeirra á vinnumarkaðinum er því veik að þeirra mati. Hildur segir:

Sko ef þú ert ungur og ómenntaður þá getur þú ekki valið um mikið, aðallega illa borguð störf og oftast um kvöld og helgarvinnu. Ef maður skoðar atvinnuauglýsingarnar þá sér maður þetta mjög vel, alltaf verið að biðja um menntun og reynslu sem maður hefur því miður ekki.

Þór tekur í sama streng og telur ungt fólk oft á tíðum ekki með nógu mikla reynslu til að eiga möguleika í flest þau störf sem auglýst er eftir. Hann segir:

Það vantar bara fullt af fólki vinnu og margir eru miklu hæfari en ég, ég skil þess vegna alveg af hverju ungt fólk fær ekki vinnu. Ef ég væri að ráða fólk í vinnu þá myndi ég alveg örugglega fyrst reyna að ná fólki sem er eldra og er með ábyrgð og þarf á laununum að halda.

Páll segir að honum finnst hann eiga litla möguleika að fá skemmtilegt starf, hann hafi sótt þó nokkuð um en fengið lítil viðbrögð.

Daníel segist upplifa fordóma gagnvart ungu og ómenntuðu fólki. Hann segir:

Ég meina ég er ekkert illa gefinn bara venjulegur eða eitthvað slíkt en ef maður er ekki skóla þá er maður bara looser og fær ekki séns.

Jóhanna segir að um leið og atvinnuleitandinn viti hún sé atvinnulaus þá komi fram fordómar. Hún segir frá því að einu sinni hafi hún til dæmis verið spurð að því hvort hún sé nokkuð að drekka í miðri viku fyrst hún sé atvinnulaus. Bæði Gunnar og Jóhanna fullyrða að atvinnurekendur hafa tekið skólafólk fram yfir þau bara vegna þess að þau voru í skóla. Páll er á sama máli og segir:

Nei ég held að það séu fordómar gagnvart ungu fólki sem er ekki að fara þessa venjulegu leið. Það er alltaf að verið að spá í hvað þú hefur gert og lært og bla bla í hinum og þessum skólanum.

Jóhanna nefnir að hún hafi ekki haft nægjanlega mikið sjálfstraust til þess að sækja um störf sem hún hafði ekki reynslu af. Þess vegna hafði hún haft úr litlu að móða.

Þór finnst í raun varla taka því að sækja um störf, hann segir:

.. það er frekar tilgangslaust þar sem það eru svo margir um hvert starf. Ég held að öll góðu störfín séu fyrir þá sem eldri eru.

Nokkrir nefna það að fjárhagslega hafi þau það ekkert mikið verr á bótum heldur en í vinnu. Ungu fólki sé venjulega boðið lágmarkslaun og það sé ekki mikill munur á þeim og fullum bótum. Elfa segir að staða hennar sem einstæð móðir sé erfið þar sem hún geti ekki unnið kvöld- og helgarvinnu. Því séu launin lág og ekki mikill munur á

atvinnuleysisbótum og þeim launum sem henni bjóðast Þegar Jóhanna er spurð út í stöðu sína þá segir hún:

... sko þegar ég missti vinnuna þá var ég búin að vera að vinna þannig að ég fékk 100% bætur-- atvinnuleysisbætur eru sko ekkert mikið lægri en laun sem verið er að bjóða ungu fólki.

Daníel segir:

Málið er bara launin eru oft svo lág fyrir ungt fólk að það er betra að vera atvinnulaus. Þetta er svo ruglað kerfi. Stjúpi minn sem var í fínni vinnu og allt og fékk fín laun, þegar hann missti vinnuna og varð atvinnulaus þá fékk hann sömu atvinnuleysis bætur og ég halló-- er það ekki rugl. Hann var því alltaf að leita sér að vinnu því að sko hann græðir á því að vinna, ungt fólk græðir ekkert. Ég meina ekki fjárhagslega þannig að þá nennir maður varla að vera rembast þetta þú skilur? Ég meina ég vill ekkert endilega vera mjög lengi atvinnulaus en þetta er ruglað kerfi.

Ari hefur mjög sterkar skoðanir á ástandinu og segir:

Þetta er auðvitað rugl en mér persónulega líður ekki illa en auðvitað er illa farið með tímann og allt það en það er bara þeir sem eru búnir að ákveða launin sem ráða voða miklu hvernig ástandið er sko. Málið er að ég er með meiri laun að vera á atvinnuleysisbótum og taka síðan smá vinnu sem er innan við það sem maður má vera með áður en það skerðir bæturnar heldur en ef ég væri að vinna í verkamannastörfum. Þetta er ótrúlega asnalegt sko.

Hann heldur áfram og segir:

Það er bara skandall hvað er verið að bjóða ungu fólki slæm laun og þess vegna erum við hérna á atvinnuleysissskránni því við viljum þessi laun ekki og þannig er það bara, ég held að ungt fólk sem bara ekki svo mikið að þæla í því að maður þurfi að vera í vinnu, við viljum bara sanngjörn laun fyrir vinnuna.

Þátttakendur töldu stöðu sína á vinnumarkaði erfiða þar sem þeir hefðu ekki lokið neinu námi. Þeir töluðu um að launin væru lág og störfin sem þeim byðist væru óspennandi og því væri lítill ávinningur að fara af atvinnuleysisbótum og í slík störf. Nokkrir höfðu þó verið duglegir að sækja um störf.

9 Umræður

Í rannsókninni var athyglinni beint að ungu atvinnulausu fólki og reynslu þeirra af atvinnuleysinu, skólagöngunni og vinnumarkaðinum.

Þó viðmælendur teldu sig almennt vera í góðum málum andlega þrátt fyrir atvinnuleysi, þá sögðust einhverjir stundum verða leiðir og jafnvel kvíðnir og þungir en þeir töldu það þó ekki vandamál. Engin þeirra lýsti mikilli andlegri vanlíðan. Þessar niðurstöður eru aðeins á skjön við niðurstöður fjölda rannsókna þar sem fram hefur komið að ungt atvinnulaust fólk er líklegra til að þjást af einhverjum geðrænum vandamálum á borð við þunglyndi og kvíða (Kieselbach, 2000; Scarpetta og fleiri, 2010).

Hugsanleg skýring á betri andlegri líðan hópsins er að allir viðmælendurnir höfðu sótt námskeið í tengslum við átakið Ungt fólk til athafna eða voru í fjarnámi. Því höfðu allir haft eitthvað fyrir stafni. Niðurstöðurnar eru í samræmi við skrif Hammerstöm og Janlert (1997) þar sem fram kom að ungir atvinnuleitendur sem litu á ástandið sem tækifæri til þess að nýta tíma sinn í aðra virkni sýndu ekki merki um andleg né líkamleg vandamál. Þess ber þó að geta að hópurinn sem Hammerstöm og Janlert skoðuðu höfðu ekki verið atvinnulausir lengi. Velta má því fyrir sér hvort sú virkni sem þátttakendur höfðu tekið þátt í og sú áhersla sem ráðgjafar í Ungu fólki til athafna leggja á að líta á námskeiðin sem tækifæri til að efla og styrkja einstaklinginn hafi haft þau áhrif að hópurinn er líkari hópum atvinnuleitenda sem ekki hafa verið lengi atvinnulausir.

Ástæðurnar fyrir því þátttakendur í þessari rannsókn hættu námi eru að mörgu leiti í samræmi við niðurstöður Jóns Torfa Jónassonar og Stelli Blöndal frá 2002. Í þessari rannsókn nefndu allir þátttakendur námsleiða sem eina helstu ástæðuna fyrir því að þeir hættu í nám. Þó aðrar ástæður eins og peningavandræði, óregla, vinna, lélegur námsárangur, einelti og barneignir hafi einnig komið fram, þá voru það ástæður sem bættust við námsleiðan. Upplifun flestra þátttakenda er einnig í samræmi við það sem fram kemur í skýrslu norrænu ráðherranefndarinnar um brottfalli úr framhaldsskóla en þar kemur fram að lélegur árangur í upphafi skólagöngu, skortur á félagsfærni og dræm þátttaka í skólalífínu hafi mikið að segja um brottfallshættu (Markussen, 2010). Almennt hafa þátttakendur ekki mikla trú á eigin hæfni og eru með frekar lágt sjálfsmat hvað varðar það að standa sig vel í námi en kannanir hafa sýnt að sjálfstraust í námi skiptir miklu máli eigi árangur að nást (Jón Torfi Jónasson og Stella Blöndal, 2002). Þátttakendur í þessari rannsókn hættu allir á fyrsta eða öðru námsári en langflestir sem

hverfa frá námi í framhaldsskóla hætta á þessu tímabili (Jón Torfi Jónsson og Andrea G. Dofradóttir, 2008).

Áhersla á bóknám er viðmælendum hugleikinn og finnst þeim aðrir möguleikar ekki nógu vel kynntir. Flestir töluðu um að skólakerfið væri ekki sniðið að þeirra þörfum. Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofunni fara tveir af hverjum þremur nemendum á Íslandi í bóklegt nám (Hagstofa Íslands, 2011-c). Miðað við það brottfall sem er úr framhaldsskólanum má álykta sem svo að framhaldsskólinn mæti ekki nægjanlega vel ólíkum þörfum nemenda og því sé vart hægt að segja hann fyrir alla.

Fæstir þátttakendanna fengu mikinn stuðning og hvatningu að heiman en rannsóknir hafa sýnt að brottfall meðal þeirra sem fá hvatningu að heiman er minni (Jón Torfi Jónsson og Stella Blöndal, 2002). Þátttakendur voru frekar óvissir um það hvað þeir vildu helst starfa við í framtíðinni og hvert þeir stefndu. Tveir þátttakendanna höfðu sett stefnuna á háskóla og einn var ákveðinn í að fara aftur í framhaldsskóla og fara í eitthvað iðnnám. Þátttakendur voru opnir fyrir því að auka við hæfni sína með einum eða öðru hætti. Þau voru hins vegar almennt ekki viss um áhugasvið sitt, hverju þau treysta sér í og hvernig þau gætu fjármagnað nám. Einnig veltu þau fyrir sér hvar þau gætu fengið þjálfun því þó nokkrir vildu alls ekki fara í formlega skólakerfið.

Það að hætta námi án þess að ljúka virðist oft ekki hafa verið neitt tiltöku mál hvorki fyrir nemendur, foreldra eða skólakerfið. Slíkt er áhyggjuefni og má spyrja sig hvort sú áhersla sem er á vinnu hér á landi endurspeglar í þessu sinnuleysi. Getur verið að mikilvægi menntunar hafi ennþá ekki komist alveg til skila til íslensku þjóðarinnar? Þekkt er að Íslendingar hafa mjög jákvætt viðhorf til vinnunnar og þjóðin er mjög vinnusöm, sem sést best á atvinnuþáttökunni hér á landi. Margir muna eftir því þegar algengt var að frí voru gefin í skólum í sjávarþorpum landsins ef bjarga þurfti aflaverðmætum og einnig þótti sjálfsagt að gefa námsmönnum frí yfir sauðburðinn. Þetta hefur breyst en heyrir þó ekki sögunni til.

Flestir þátttakendur unnu með skóla en nær allir töluðu um að sú vinna hafi verið til að fá vasapening og þeir hafi ekki þurft að kaupa nauðsynjar fyrir launin. Þetta er í samræmi við niðurstöður Margrétar Einarsdóttur frá 2010.

Fræðimenn á sviði náms- og starfsfræðslu leggja áherslu á að með auknu náms- og starfsframboði þá standi ungt fólk frammi fyrir mun erfiðari og áhugaverðari ákvarðanatöku um framtíð sína en nokkru sinni fyrr. Því er sífellt mikilvægara að nemendur fái góða fræðslu svo þeir fái betri skilning á eigin áhuga, hæfni og þeim möguleikum sem

eru í boði (Blustein, 2006; Savickas, 2007). Niðurstöður þessarar rannsóknar gefa vísbendingu um að val á skóla eða námsbraut eftir tíunda bekk hafi verið handahófskennt og þátttakendur nefna það nokkrir að valið hafi hreinlega verið rangt. Hjá viðmælendum kom það skýrt fram að hluti af skýringunni hvers vegna þeir hættu námi var að námið og námsfyrirkomulagið hentaði ekki. Reynsla þátttakenda á náms- og starfsfræðslu og námskynningum framhaldsskólanna gefur vísbendingu um þar þurfi að gera mun betur. Þetta er í samræmi við niðurstöður skýrslu frá 2006 þar sem um helmingur námsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur telja stóran hluta ungs fólks ekki vera tilbúin til þess að taka ákvörðun um nám við lok grunnskóla (Sigurbjörg J. Helgadóttir, 2006).

Til að styðja betur við nemendur þyrfti að auka náms- og starfsfræðslu í grunnskólum. Ekki virðist vera nóg að halda einhverja stutta fræðslu í lok tíunda bekkjar. Nemendur þurfa að kynnast vinnumarkaðinum og námi framtíðarinnar betur. Þegar nemendur ljúka grunnskóla hafa þeir í fyrsta skipti raunverulegt val um nám. Þá ættu nemendur að vera búnir að fá góða fræðslu um nám og störf svo valið byggi á upplýstri ákvörðun (Ágústa Ingþórsdóttir og fleiri, 2007).

Þátttakendur voru almennt ánægðir með átakið Ungt fólk til athafna. Einhverjir voru efins um að rétt væri að skylda fólk í virkni á meðan aðrir litu á þetta sem frábært tækifæri til þess að bæta færni sína og styrkja stöðu sína. Flestir þátttakendur lögðu á það áherslu hversu mikilvægt það væri að hafa eitthvað að vakna til á morgnana ekki síður en að bæta við þekkingu sína. Þetta er í samræmi við niðurstöður Félagsvísindastofnunnar um átakið og viðhorfum fólks til þess. Það að mæta í virkni og hitta fólk virðist hafa mjög mikil áhrif á andlega heilsu fólks (Félagsvísindastofnun, 2010).

Ef niðurstöður Félagsvísindastofnunnar eru skoðaðar og upplifun þátttakenda í þessari rannsókn má álykta sem svo að verkefnið sé að skila þeim árangri sem stefnt var að í upphafi, það er að virkja ungt fólk, minnka einangrun þess og koma því af stað í vinnu eða nám.

Atvinnuleysistryggingakerfið gerir ráð fyrir því að þeir sem eru án vinnu komist aftur út á vinnumarkaðinn. Til þess að svo geti orðið þarf að huga vel að því að halda við starfshæfni þeirra sem eru atvinnulausir. Þau virkni úrræði sem boðið er uppá í átakinu Ungt fólk til athafna er ætlað að minnka líkur á því að atvinnulaust ungt fólk fari af atvinnuleysisbótum og yfir í örorku eins og reyndin varð í Finnlandi.

Í Finnlandi er staðan sú að ákveðinn hópur hefur aldrei farið út á vinnumarkaðinn eftir kreppuna á tíundaáratugnum. Þessi hópur sat eftir með litla starfshæfni eftir langvarandi atvinnuleysi, í Finnlandi er talað um týndu kynslóðina (Haukur Sigurðsson, 2010; Hrafnhildur Tómasdóttir, 2010).

Mikil áhersla er lögð á að starfsmenn þurfi að búa yfir ákveðinni starfshæfni til þess að geta verið virkir þátttakendur á hinum síbreytilega vinnumarkaði. Rannsóknir hafa sýnt að við atvinnumissi verður sjálfstraust einstaklings sem býr yfir mikilli starfshæfni fyrir minni skaða en sjálfstraust einstaklings með litla starfshæfni (McArdle og fleiri, 2007). Ungt ómenntað fólk býr eðli málsins samkvæmt oft á tíðum yfir minni starfshæfni en þeir sem eldri eru og því hefur atvinnumissir og langt atvinnuleysi oft mikil áhrif á sjálfstraust þeirra.

Svör margra þátttakanda báru merki um lágt sjálfsmat. Þau nefndu mörg hver að þau byggi ekki yfir neinni sérstakri hæfni og hafi því ekki mikið fram að færa. Þau töluðu um að þeim fyndist erfitt að sækja um störf. Einhverjir nefndu að þeir hefðu byrjað vel og sótt um mörg störf en þegar leitinn bar ekki tilætlaðan árangur þá hefðu þau smátt og smátt hætt markvissri atvinnuleit og gert ráð fyrir að reynsla og hæfni þeirra nægði ekki í þau störf sem þau sóttu um.

Það er þekkt að þeir sem eru búnir að vera atvinnulausir í einhvern tíma eiga oft erfiðara með að komast aftur út á vinnumarkaðinn. Velta má fyrir sér hvort það sé vegna þess að þeir hafi misst niður hæfnina eða hvort ástæðan sé sú að atvinnurekendur velja frekar þá sem eru í vinnu eða eru búnir að vera tiltölulega styttra atvinnulausir alveg óháð hæfni (Hasluck, 1998). Líklegast er ekkert eitt svar til við þessu en fjöldi rannsókna hafa sýnt að langtíma atvinnuleysi sérstaklega hjá ungu fólki eykur til muna líkurnar á endurteknu atvinnumissi á lífsleiðinni (Scarpetta og fleiri, 2010).

Margir þátttakendur nefndu að það væri erfiðara fyrir ungt ómenntað fólk sem væri atvinnulaust að fá vinnu en jafnaldra þeirra sem væru í skóla. Þeir nefndu jafnvel að þeir sem væru í skóla væru teknir fram fyrir þau þrátt fyrir að nemarnir gætu ekki alltaf unnið á þeim tímum sem óskað væri eftir. Þetta er í takt við skrif ýmissa fræðimanna sem segja að vinnuveitendur séu að leita að fólki sem þeir telji að geti fallið inn í menninguna, séu fljót að læra og tileinka sér nýja hluti og geti unnið sjálfstætt. Vinnuveitendur virðast oft á tíðum líta á það sem vísbendingu um að umsækjandi uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru til starfsins hafi hann ekki klárað neitt nám eftir grunnskóla. Hinir svokölluðu brottfallsnemendur fá því ekki tækifæri til þess að sanna sig (Hasluck,

1998). Gerður G. Óskarsdóttir (2000) talar um að vinnuveitendur noti skólaskírteinið sem einhvers konar staðfestingu á því að viðkomandi umsækjandi hafi ákveðna færni fram yfir þann sem ekki hefur klárað neitt nám.

Viðmælendur töluðu flestir um að störfin sem í boði eru fyrir ungt ómenntað fólk séu ekki spennandi og flest auglýst störf krefjist einhverskonar menntunnar eða mikillar reynslu. Einhverjir nefndu að eingöngu væri hægt að fá hlutastörf, seinni partinn eða um helgar. Þetta er í takt við þær breytingar sem orðið hafa á vinnumarkaðinum síðastliðinn áratug. Heilisdags störfum fyrir ófaglærða hefur fækkað vegna fækkunar starfa í iðnaði en í staðinn hefur störfum fjölgað í þjónustugeiranum sem hefur þýtt fleiri hlutastörf sem eru þá störf sem ungt fólk í skóla getur meðal annars leitað í (Felstead og fleiri 1999).

Flest voru þau með ákveðnar skoðanir á því hvernig störfum þau væru tilbúin að sinna. Þau töldu almennt að starfið þyrfti að vera eitthvað meira en leið til að framfleyta sér. Mörg þeirra nefndu að starfið þyrfti að vera skemmtilegt og ágætlega borgað og nokkur þeirra nefndu að þau tækju alls ekki hvaða starfi sem er. Þetta er í samræmi við skrif fræðimanna sem skoðað hafa ólík viðhorf kynslóðanna til starfsins. Þeir segja að yngri kynslóðin gefi lítið fyrir þær hugmyndir að vinnan sé skylda og brauðstrit. Þau vilji starf sem gefur þeim tækifæri til að þróast og læra nýja hluti og þau gera þá kröfu til starfsins að það sé skemmtilegt (Beardwell og fleiri, 2004; Meredith og fleiri, 2002).

Margir þátttakendur nefndu að laun unga fólksins væru lág og oft á tíðum borgi það sig ekki fyrir ungt fólk að vinna hafi þau fullan bótarétt. Ekki er óeðlilegt að slíkar vangaveltur hafi komið fram hjá hópnum en í launatöxtum er oftast vísað í aldur, menntun og reynslu starfsmanna og því er ungt fólk að öllu jöfnu með lægri laun en þeir sem eldri eru (Barham og fleiri, 2009). Atvinnuleysisbætur eru aftur á móti þær sömu óháð aldri, það er bótaréttur viðkomandi sem ræður upphæð atvinnuleysisbótanna. Því getur sú staða komið upp að ungur atvinnuleitandi sjái ekki ágóðan í því að reyna að koma sér út af bótum og inn á vinnumarkaðinn. Þetta er að sjálfsögðu áhyggjuefni en er staðreynd sem flestir sem vinna í þessum málaflokk þekkja.

Hér á eftir verður leitast við að svara þeim rannsóknarspurningum sem lagt var af stað með.

Hvernig er líðan þeirra í atvinnuleysinu?

Viðmælendur voru almennt í nokkuð góðu jafnvægi. Öll sögðust þau stundum vera leið og einhver nefndu að þau yrðu stundum pirruð ef þau væru aðgerðarlaus lengi eða mikið ein heima. Enginn þeirra kannaðist við að vera þunglynd eða með mikinn kvíða. Einhver nefndu að sú tilfinning kæmi stundum yfir þau að þau væru að fara illa með tímann og það væri ekki góð tilfinning. Þau töluðu um að þegar þau væru ekki í neinni virkni væri hætt á því að snúa sólarhringnum við, sem ekki væri gott í lengri tíma. Þau töldu sig almennt ekki þurfa að kvarta yfir sinni stöðu, flest eru þau bjartsýn á að þau fái fljótlega vinnu eða fara aftur í skóla.

Hvernig gekk skólagangan fyrir sig?

Ef niðurstöðurnar eru dregnar saman má sjá að ástæðurnar fyrir því að þau hættu í skóla eru margvíslegar en sammerkt með þeim flestum er að þeim gekk ekkert sérstaklega vel og höfðu lítinn áhuga á náminu. Engin viðmælenda minna taldi að hann ætti mjög erfitt með nám, flestur sögðu að þeir þyrftu að hafa fyrir náminu en þeir gætu vel lært. Þau töldu flest að of mikil áhersla væri á bóknám alveg óháð því hvað þau ætluðu að læra. Lítil hvatning er þáttur sem virðist einnig hafa haft áhrif á námsframvindu. Langflest unnu með skóla en almennt töldu þau að vinnan hafi ekki haft einhver áhrif á námið. Flest upplifðu þau sig hálf utanvelta í framhaldsskólanum og einhvernvegin náðu þau fæst að finna sig þar.

Illu ígrundað val á framhaldsskóla og eða námsbraut er einnig þáttur sem virðist hafa haft áhrif á þátttakendur. Aðspurð hvort skólinn hafi getað gert eitthvað til þess að hindra það að þau féllu úr námi eru þau ekki alveg vissum en flest töldu þó að það hefði verið gott ef einhver hefði haft samband við þau af fyrra bragði og farið yfir stöðuna með þeim.

Hvernig var náms og starfsfræðslu háttað í grunnskólanum?

Af viðtölunum að dæma hefur náms- og starfsfræðsla í grunnskólum verið afar lítil hjá þessum hóp. Aðal áherslan hefur verið á vinnustaðaheimsóknir þar sem nemendur fóru inn í fyrirtæki í starfskynningu í nokkra daga. Nemendur virðast hafa upplifað þessar kynningar sem hluta af skólafrí eftir samræmdu prófin fremur en að þær væru liður í náms- og starfsfræðslu. Kynningar á námi í framhaldsskóla virðast einnig hafa verið takmarkaðar, þau tala um að labba hring í skólunum og mörg hver fengu litla ráðgjöf

þegar þau völdu framhaldsskóla. Einhverjir nefna að ráðgjöfin hafi staðið þeim til boða en þau hafi ekki þurft að sækja hana og því hafi þau sleppt því.

Hvernig er reynsla þeirra af vinnumarkaðinum og hvernig upplifa þau vinnumarkað unga fólksins?

Niðurstöðurnar gefa vísbendingu um upplifun unga fólksins á vinnumarkaðinum. Þau telja almennt að staða þeirra sé erfið. Flest störf krefjist menntunar og reynslu og því hafi þau eingöngu möguleika á láglaunastörfum, hlutastörfum og störfum sem þau hafa ekki áhuga á að ílengjast í. Einhverjir tala um að það séu fordómar í gangi gagnvart ungu fólki og þeim mun meiri þegar þau eru ómenntuð og atvinnulaus. Munurinn á atvinnuleysisbótum og lágmarkslaunum er þeim hugleikinn og mörg hver tala um að þau hafi lítið sem ekkert uppúr því að vinna og því sé hvatinn að finna sér vinnu afar lítill. Einhverjir nefndu að það taki því varla að sækja um þar sem það séu svo margir um hvert starf og þau hafi svo litla reynslu og menntun og því eigi þau varla nokkurn möguleika að fá spennandi störf.

Hvaða skoðun hafa þau á áttakinu Ungt fólk til athafna og hvað telja þau að helst sé hægt að gera til þess að hjálpa þeim að komast af atvinnuleysisbótum?

Í stuttu máli má segja að viðmælendur hafi verið ánægðir með átakið og hvað það stendur fyrir. Þau nefndu nokkur að átakið hafi hjálpað þeim að komast aftur í ákveðna rútínu og flest voru þau ánægð með þau námskeið sem voru í boði. Almennt töldu þau að námskeiðin hefðu hjálpað þeim og gert þau að hæfari starfsmönnum og einnig töluðu einhver um að námskeiðin hafi rofið ákveðna einangrun hjá þeim.

Þau telja að Vinnumálastofnun geti gert betur í því að aðstoða þau við að finna vinnu. Þau nefna að leggja mætti meiri áherslu á stafróm. Þeim er tíðrætt um möguleikana á því að stunda nám á atvinnuleysisbótum og vilja nokkur víkka út þá heimild.

10 Lærdómur

Lítill áhugi virðist oft og tíðum vera á því hvernig íslenskum nemendum reiðir af í skólakerfinu, sem stangast á við mikilvægi menntunar fyrir einstaklinginn sem og samfélagið í heild. Það er áhyggjuefni að á sama tíma og vinnumarkaðurinn kallar eftir menntuðu starfsfólki helst brottfall úr framhaldsskólum landsins mjög hátt. Því er afar brýnt að brugðist sé við þessum vanda fljótt.

Leggja þarf mikla áherslu á forvörn inni í skólunum og greina og þjónusta nemendur í brottfallshættu betur og fylgja þeim markvisst eftir. Til þess að koma til móts við nemendur sem ekki hafa fundið sig í framhaldsskóla eða ekki munu finna sig í framhaldsskóla þarf uppstokkun í skólakerfinu. Mikilvægt er að endurskoða námsleiðir framhaldsskólanna með það að markmiði að auka fjölbreytni í námi og skoða þarf sérstaklega þá miklu áherslu sem er á bóklegar greinar í öllum námsleiðum. Einnig þarf viðhorfsbreytingu í samfélaginu gagnvart iðnnámi. Í samanburði við nágrannaþjóðir okkar fara mun færri nemendur úr grunnskóla beint inn í iðnám hér á landi og er ástæðan líklegast sú mikla áhersla sem lögð er á bóklegt nám, það er að klára stúdentspróf fyrst.

Huga þarf betur að náms- og starfsfræðslu í grunnskólum. Slík fræðsla er mikilvægt veganesti fyrir ungt fólk á leið út í lífið. Margir þátttakendur nefna að þeir hafi týnst í stórum skóla þar sem enginn virtist hafa áhuga á þeim. Flestir þeir sem standa höllum fæti í námi fara inn í stóru áfangaskólanna. Efla þarf ráðgjöf í þessum skólum til muna, þannig að hægt sé að huga betur að þeim sem eru í brottfallshættu og fylgja þeim eftir. Af niðurstöðum þessarar rannsóknar er ljóst að hið formlega skólakerfi mætir ekki nógu vel þörfum þeirra sem helst þurfa á stuðningi og á ráðgjöf að halda.

Fyrir þann hóp sem nú þegar er fallinn út úr skóla og er á atvinnuleysisbótum er mikilvægt að sem flestar vinnumarkaðsaðgerðir sem beinast að hópnum leggi áherslu á að koma þeim í einhverskonar nám eða starfsþjálfun. Unga fólkið í þessari rannsókn er mjög meðvitað um hversu miklu máli skipti að afla sér menntunar eða einhverskonar þjálfunar svo þau eigi betri möguleika á áhugaverðu og spennandi starfi sem hentar þeirra áhugasviði.

Í langan tíma hefur verið mikil eftirspurn eftir vinnuafli á Íslandi sem hefur meðal annars dregið úr hvata til áframhaldandi náms. Það má því segja að það hafi á vissan hátt verið samkeppni milli menntakerfisins og atvinnulífsins um unga fólkið sem haft hefur þær afleiðingar að unga fólkið sá ekki endilega hag sinn í því að halda áfram námi

og valdi frekar að fara í vinnu. Slíkt er slæmt til lengri tíma lítið þar sem hætta er á því of margir festist við vinnu, sem borga vel í einhvern tíma en gerir litlar menntunarkröfur og skerðir því starfsþróunar möguleika í framtíðinni.

Menntun hefur áhrif á félagslega stöðu einstaklingsins. Með aukinni menntun aukast líkur á samfélagslegri virkni, möguleikar á vinnumarkaði aukast, auknar líkur eru á betri lífsskilyrðum og um leið dregur menntun úr líkum á atvinnuleysi.

Að mínu mati er efling ráðgjafar og endurskoðun námsleiða í framhaldsskóla ein af forsendum þess að hægt sé að sporna við brottfalli í framhaldsskóla. Slíkt er mjög mikilvægt svo ungt fólk geti farið út á vinnumarkaðinn með einhverja menntun sem styrkir stöðu þess þar og gefur þeim aukin tækifæri.

11 Lokaorð

Efnahagshrunið á Íslandi hefur haft áhrif á alla landsmenn með einum eða öðrum hætti. Gríðarleg fjölgun á atvinnuleysisskránni í lok árs 2008 og árið 2009 segir meira en mörg orð um hversu mikill skellurinn var fyrir íslenskt samfélag. Í þessari ritgerð hefur sjónum verið beint að ungum atvinnuleitendum sem ekki hafa lokið neinni formlegri menntun eftir grunnskóla en það er sá hópur sem stendur hvað verst þegar þrengingar verða á vinnumarkaðinum. Styrkur þessarar rannsóknar felst meðal annars í því að þarna koma fram lýsandi frásagnir ungs fólks á skólakerfinu, vinnumarkaðinum og atvinnuleysinu eins og það snýr að þeim. Það er von höfundar að þessi ritgerð geti verið innlegg inn í umræðu sem fara þarf fram um stöðu ungs fólks á vinnumarkaði.

12 Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla, lífsleikni. (2007). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Aðalnámskrá framhaldsskóla, lífsleikni. (1999). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Alþingi 139. Þing 2010-2011. Þskj. 1290-747. mál. Sótt 28. apríl 2011 af <http://www.althingi.is/altext/139/s/1290.html>

ASI (2011). Frumvarp til laga um breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, með síðari breytingum. Sótt 22. maí 2011 af http://www.asi.is/desktopdefault.aspx/tabid-29/60_read-2899/

Axel Hall, Ásgeir Jónsson og Sveinn Agnarsson. (2002). *Byggðir og búseta. Þéttbýlismyndun á Íslandi.* (Haustskýrsla 2002). Reykjavík, Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

Ágústa E. Ingbórsdóttir, Guðbjörg Vilhjálmsdóttir og Sigríður Bílddal. (2008-2009). *Skýrsla nefndar um eflingu náms- og starfsráðgjafar í grunn- og framhaldsskólum sem úrræði gegn brottfalli nemenda.* Lögð fyrir Alþingi á 136. Löggjafarþingi 2008-2009. Sótt 9. mars 2011 af <http://www.althingi.is/altext/136/s/pdf/0353.pdf>

Álfgeir Logi Kristjánsson, Margrét Lilja Guðmundsdóttir, Inga Dóra Sigfúsdóttir & Jón Sigfússon. (2007). *Ungt fólk 2007. Framhaldsskólanemar. Menntun, menning, tómstundir, íþróttaiðkun og framtíðarsýn ungmenna í framhaldsskólum á Íslandi Samanburður rannsókna frá 2000, 2004, og 2007.* Rannsóknir og greining. Sótt 15. janúar 2011 af http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf_reports/Ungt_folk_2007_-_Framhaldsskólanemar.pdf

Ásgeir Jónsson & Steingrímur Arnar Finnsson. (2004). Ábati öldrunar á íslenskum vinnumarkaði. *Fjármálatíðindi* 51(2) 122-131.

Barham, C., Walling, A., Clancy, G., Hicks S. og Conn, S. (2009). Young people and the labour market. *Economic & Labour Market Review*, 3, 17-29

Beardwell, I., Holden, L. og Claydon, T. (2004). *Human Resource Management: A Contemporary Approach* (4. útgáfa). Harlow: Prentice Hall.

Blustein, D. (2006). *The Psychology of working: A new perspective for career development, counseling, and public policy.* Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum.

Blustein, D. L., Coutinho, M. T. og Dam, U.C. (2008). The Psychology of working and globalisation: a new perspective for a new era. *International journal for Education and Vocational Guidance*, 8:5-18. Sótt 20. nóvember 2010 af <http://www.springerlink.com/content/e670223x40215201/>

Bryman, A. og Bell, E. (2007). *Business research methods* (2. Útgafa). Oxford: Oxford University press.

Cazes, S. og Nesporova, A. (2003). *Balancing flexibility & security in central and eastern Europe*. Geneva: International Labour office.

Drucker, P.F. (1999). *Management challenges for the 21st Century*. London: Butterworth – Heinemann.

Ec.europa.eu (2011). *Study on Access to Education and Training, Basic Skills and Early School Leavers: Early School Leavers*. Final Report Sótt 15. febrúar 2011 af http://ec.europa.eu/education/pdf/doc284_en.pdf

Efling (2010). Launatöflur. Sótt 3. desember 2010 af <http://efling.is/kjaramal/launatoflur/>

Eifred Markussen. (2010). *Frafall í utdanning for 16–20 áringar í Norden*. Sótt 3. febrúar 2011 af <http://www.norden.org/is/utgafa/utgefid-efni/2010-517>.

Eiríkur Hilmarsson og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. (2009). Hvar má finna störf? Auður Hermannsdóttir, Margrét Sigrún Sigurðardóttir og Snjólfur Ólafsson (ritstjórar). *Ráðstefnurit Vorráðstefnu Viðskiptafræðistofnunar Háskóla Íslands* (bls. 27–35). Reykjavík: Viðskiptafræðistofnun Háskóla

Eurostat (2011). *Harmonised unemployment by gender - age class 15-24* sótt 4. mars 2011 af <http://epp.eurostat.ec.europa.eu/tgm/table.do?tab=table&init=1&language=en&pcode=teim011&plugin=1>

Felstead A, H Krahn and D Ashton. (1999). Young and old at risk: comparative trends in 'non-standard' patterns of employment in Canada and the United Kingdom. *International Journal of Management*, 20, 72-96.

Félags- og tryggingamálaráðuneytið (2009). *Ungt fólk án atvinnu – virkni þess og menntun*. Reykjavík:

Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands (2010). *Könnun á viðhorfum ungs fólks á atvinnuleysisrátt á áttaksverkefnisins „Ungt fólk til athafna“*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Fjárfestum í menntun og hugviti til framtíðar (2011,27-29.maí 2011). Sótt 1. júní 2011 af http://www.ru.is/media/almennt/FT_27_mai_2011-%2830%29.pdf. Fréttatíminn

Finn, D. (2000). From full employment to employability: A new deal for Britain's unemployed?. *International Journal of Manpower* 21(5) 384-399.

Forde, C., Mac Kenzie, R. & Robinson, A. (2008). Firm foundations? Contingent labour and employers' provision of training in the UK construction sector. *Industrial Relations Journal* 39(5) 370-391.

Forsetisráðuneytið (2011). *Ísland 2020, sókn fyrir atvinnulíf og samfélag*. Sótt 16. maí 2011 af <http://www.forsaetisraduneyti.is/media/Skyrslur/island2020.pdf>

Fugate, M., Kinicki, A. J., Ashforth, B.E. (2004). Employability: A psycho Social construct, it dimensions, and applications. *Journal of Vocational Behavior*. 65 (1) 14-38.

Gestur Guðmundsson. (1997). *Mat á starfsnámi Hins Hússins*. Skýrsla til Íþrótt- og tólmstundaráðs Reykjavíkur og Atvinnu- og ferðamálanefndar Reykjavíkur, september 1997.

Gerður G. Óskarsdóttir. (2000). *Frá skóla til atvinnulífs: Rannsóknir á tengslum menntunar og starfs*. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Gottfredson, L. S. (2005). Applying Gottfredson's theory of circumscription and compromise in career guidance and counseling. Í S. D. Brown og R. W. Lent (ritstjórar), *Career development and counseling: Putting theory and research to work* (bls. 71 – 100). Hoboken, NJ: John Wiley & Sons.

Guðrún Helga Magnúsdóttir og Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. (2011). *Pegar kynslóðir mætast: Að stjórna Y-kynslóðinni*. Viðskiptafræðistofnun. Sótt 28. maí 2011 af <http://www3.hi.is/~th/efni/voribr2011grein2.pdf>

Gylfi Dalmann Aðalsteinsson og Eiríkur Hilmarsson. (2009). Sveltur sitjandi kráka, fljúgandi fær. Sótt 28. nóvember 2010 af http://www.frae.is/files/G%C3%A1tt%202009_GDA%20og%20EH_018-024_1519669410.pdf

Hagstofa Íslands (2010). Fréttir: Útgáfa rits OECD, Education at a Glance 2010. Sótt 7. nóvember 2010 af <http://www.hagstofa.is/Pages/95?NewsID=4635>

Hagstofa Íslands (2011-a). Vinnumarkaður á 2. ársfjórðungi 2011. Sótt 21. Júlí 2011 af <http://www.hagstofa.is/?PageID=95&NewsID=5758>

Hagstofa Íslands (2011-b). Starfandi eftir atvinnugreinum, kyni og búsetu 2008-2010, ÍSAT2008 (NACE REV 2.). Sótt 28. febrúar 2011 af:
<http://hagstofa.is/?PageID=2594&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN01103%26ti=Starfandi+eftir+atvinnugreinum%2C+kyni+og+b%FAsetu+2008%2D2010%2C+%CDSAT2008+%28NACE+REV+2%2E%29++%26path=../Database/vinumarkadur/rannsoknir/%26lang=3%26units=Fjöldi>

Hagstofa Íslands (2011-c). Skólamál. Skráðir nemendur í framhalds- og háskólum haustið 2010. Sótt 25. janúar 2011 af
<http://www.staice.is/lisalib/getfile.aspx?ItemID=12104>

Hagstofa Íslands (2011-d). Talnaefni. Vinnumarkaðurinn eftir kyni, aldri, búsetu og menntun 1991-2010. Sótt 28. apríl 2011 af
<http://hagstofan.is/?PageID=637&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN01105%26ti=Vinnumarkaðurinn+eftir+kyni%2C+aldri%2C+b%FAsetu+og+menntun+1991%2D2010+%26path=../Database/vinumarkadur/rannsoknir/%26lang=3%26units=Fjöldi>

Hagstofa Íslands (2011-e). Talnaefni. Atvinnuþátttaka, atvinnuleysi, vinnutími og fjöldi starfandi eftir ársfjórðungum 2003-2011. Sótt 28. maí 2011 af
<http://hagstofan.is/?PageID=637&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=VIN01001%26ti=Atvinnu%FE%Elttaka%2C+atvinnuleysi%2C+vinnut%EDmi+og+fj%F6ldi+starfandi+eftir+%E1rsfj%F3r%F0ungum+2003%2D2011++%26path=../Database/vinumarkadur/rannsoknir/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi/hlutfall>

Hammerstöm, A. og Janlert, U. (1997). Nervous and depressive symptoms in a longitudinal study of youth unemployment—selection or exposure? *Journal of Adolescence*, 20. bls 293–305. Sótt 12. desember 2010 af
<http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0140197197900865>

Hasluck, C. (1998). Employers, young people and the unemployed: a review of research. Institute for Employment Research, University of Warwick, Coventry. Sótt 3. desember 2010 af http://statistics.dwp.gov.uk/asd/asd5/working_age/wa1999/esr12rep.pdf

Haukur Sigurðsson. (2008). *Hvað getum við lært af reynslu Finna?:* Geðheilbrigðisleg og félagsleg áhrif efnahagslæggða og ráðleggingar til íslenskra stjórnvalda. Heilsustöðin sálfræði- og ráðgjafabjónusta. Sótt 20 nóvember 2010 af
<http://www.mbl.is/media/76/1176.pdf>

Heikkilä M. (2010). *Sprengjan sem ekki sprakk*. Norden. Sótt 15. janúar af
<http://www.norden.org/is/analys-norden/thema/kynslod-an-atvinnu/sprengjan-sem-ekki-sprakk>

Hugaðu að framtíð þinni. (2011, 30.maí). Fréttablaðið bls 13.

Helga Rún Runólfsdóttir. (2011). *Atvinnuhæfni á tímum óvissu*. Óbirt meistararitgerð: Háskóli Íslands, Viðskiptadeild.

Hrafnhildur Tómasdóttir. (2009). *Ungt fólk til athafna*. . Sótt 10. desember 2010 af http://www.frae.is/files/Gátt_2010_web_036-042_1799886182.pdf

Jón Torfi Jónasson og Andrea G Dofradóttir. (2008). *Þátttaka í fræðslu á Íslandi*. Niðurstöður úr Vinnumarkaðskönnun Hagstofu Íslands 2003. Reykjavík: Rannsóknarstofa um menntakerfi.

Jón Torfi Jónasson og Kristjana Stella Blöndal. (2002). Ungt fólk og framhaldsskólinn. Rannsókn á námsgengi og afstöðu 75 árgangsins til náms. Reykjavík: Félagsvísindastofnun.

Karl Sigurðsson. (2009). Vinnumarkaður: *Staða á vinnumarkaði í nóvember 2009*. Sótt 28. nóvember 2010 af www.frae.is/files/Gátt%202009_KS_027-032_1603935260.pdf

Katrín Ólafsdóttir.(2008). *Er íslenskur vinnumarkaður sveigjanlegur?* Reykjavík: Háskólinn í Reykjavík.

Kieselbach, T. (2000). Long-Term Unemployment Among Young People: The Risk of Social Exclusion. *American Journal of Community Psychology* 32,(1-2), 69-76.

Kolev, A & Saget, K. (2005).Understanding youth labour market disadvantage: Evidence from south-east Europe. *International Labour Review*, 14 (2) 161-187.

Lewis, P., Ryan, P. & Gospel, H. (2008). A hard sell? The prospects for apprenticeship in British retailing. *Human Resource Management Journal*, 18, 3-17.

Lowry, D. , Molloy S. & S, McGlennon , S. (2008). Future Skill Needs: Projections & Employers' Views.. *Australian Bulletin of Labour* 34 (2)192-247.

Margrét Einarsdóttir. (2008). Reynsluboltar? Um störf og starfsreynslu íslenskra ungmenna. Í Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum IX* (bls.293-304). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Margrét Einarsdóttir. (2010). Hvers vegna vinna íslensk ungmenni með skóla Í Helga Ólafsdóttir og Hulda Proppé (ritstjórar), *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls.172-182). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

- McArdle, S., Waters, L., Briscoe, J.P. & Hall, T. (2007). Employability during unemployment: Adaptability, career identity and human social capital. *Journal of vocational behavior*, 7(2), 247-264.
- Meredith, G. E., Schewe, C. D., Hiam, A., & Karlovich, J. (2002). *Managing by defining moments*. New York: Hungry Minds.
- Mroz, T.A. & Savage, T.H. (2006). Long-Term Effects of Youth Unemployment *The Journal of Human Resources*. 41(2); . 259-293
- Neumark, D. (2002). Youth Labor Markets in the United States: Shopping around vs. Staying Put; *The Review of Economics and Statistics*, Vol. 84, No. 3 462-482.
- Norden.org. (2011). Nordiska länders insatser mot ungdomsarbetslöshet - kartläggning och analys. Norræna ráðherranefndin, 2010. Sótt 8. janúar af <http://www.norden.org/is/utgafa/utgefid-efni/2010-570>
- Nordic Statistical Yearbook 2010. Volume 48 Ulla Agerskov (Editor). Sótt 12. janúar 2011 af <http://www.norden.org/en/publications/publications/2010-001>
- Obadic A & Broz M. (2008). The *transition process from school to work*. *Business Excellence*. Zagreb: 2(2) 45-62 Sótt 1. desember 2010 af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=2018692351&sid=4&Fmt=2&clientId=194636&RQT=309&VName=PQD>
- OECD (2010). Education at a Glance 2010: OECD Indicators. Sótt 7. nóvember 2010 af http://www.oecd.org/document/52/0,3746,en_2649_39263238_45897844_1_1_1_1,00.html
- Ragnar F. Ólafsson og Almar M. Halldórsson. (2007). *Hvað ætlar þú að verða? Hugmyndir 15 ára ungmenna árin 2000, 2003 og 2006 um framtíðarstarf*. Námsmatsstofnun.
- Rúnar Helgi Andrason. (2003). Tilfellarannsóknir. Í Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson (ritstjórar), *Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum* (bls. 281-293). Akureyri: Háskólinn á Akureyri.
- Savickas, M.L. og Baker, D.B. (2005). The history of vocational psychology: Antecedents, origin and early development. Í Walshy W.B. & Savickas M.L. (Ritstjórar), *Handbook of vocational psychology* (3rd ed) Mahwah, NJ: Lawrence Erlbaum Associates

Scarpetta, S. og Sonnet, A. og Manfredi, T. (2010). *Rising youth unemployment during the crisis: How to prevent negative long-term consequences on a generation?* (OECD Social, Employment and Migration Papers no. 106). París: Directorate for Employment, Labour and Social Affairs.

Schröder, Lena (1994). „Effekter av insatser mot ungdomsarbetslösheten. Sverige,“ Ungdomsarbetslösheten i de nordiska länderna – orsaker, utveckling, åtgärder, TemaNord 1994:557, Kaupmannahöfn: Norræna Ráðherranefndin.

Sharf, R. S. (2006). *Applying career Development Theory to Counseling*. (4.útg.). Pacific Grove, CA: Brooks/Cole.

Sigurbjörg J. Helgadóttir. (2006). *Greining á starfi: náms og starfsráðgjafa í grunnskólum Reykjavíkur*. Sótt 28. maí 2011 af http://www.reykjavik.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/menntasvid/pdf_skjol/utgafur/grunnskolar/kannirogskimar/n_msr_dgjafar-lokaskyrsla.pdf

Sigríður Dís Gunnarsdóttir. (2006). *Að stuðla að þróun starfsferils nemenda: Þáttur náms- og starfsfræðslu í grunn- og framhaldsskólum*. Óbirt meistaranáttíð: Háskóli Íslands, Félagsvísindadeild.

Snjólfur Ólafsson, Eyþór Ívar Jónsson. (2010). Fjölgun starfa á Íslandi eftir hrun. Í Ingjaldr Hannibalsson (ritstjóri). *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls.174-182). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Sveinn Agnarsson. (2010). *EEO Ad hoc request*, June 2010. Sótt 15. nóvember 2010 af <http://www.eu-employment-observatory.net/resources/reports/Iceland-LabourMarketDevelopmentandPolicy.pdf>

Stalinski, S. (2004). Leveraging diversity. *Journal for Quality & Participation*, 27(4), 14-18. Sótt 1. desember 2010 af <http://proquest.umi.com/pqdweb?did=793054191&sid=2&Fmt=4&clientId=194636&RQT=309&VName=PQD>

Taylor, S. og Bogdan, R. (1998). *Qualitative research methods a guidebook and resource*. New York: John Wileys & Sons.

Tinna Ástrún Grétarsdóttir & Gylfi Dalmann Aðalsteinsson. (2010). Viðhorf íslenskra ungmenna til stéttarféлага og þekking þeirra á réttindum og skyldum á vinnumarkaði. Í Ingjaldr Hannibalsson (ritstjóri). *Rannsóknir í félagsvísindum XI* (bls.147-156). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ungt fólk vill vinna í Evrópu. (2011, 28. maí, 2011). Fréttablaðið bls 10.

Vinnumálastofnun (2011-a). Vinnumarkaðsúræði. Sótt 15. janúar 2011 af <http://www.vinnumalastofnun.is/atvinnuleitandi/urraedi/vinnumarkadsurraedi/starfsorkafrumkvodlar/>

Vinnumálastofnun (2011.-b.) Útgefið efni og talnaefni - Atvinnuleysistöður í excelskjölum

Sótt 3. júl í 2011 af <http://www.vinnumalastofnun.is/vinnumalastofnun/utgefid-efni-og-talnaefni/atvinnuleysistolur-i-excelskjolum/>

Yates, J.A. (2005). The transition from school to work: education and work experiences; *Monthly Labor Review*: 21-32. Sótt 2. desember 2010 af <http://heinonline.org/HOL/LandingPage?collection=journals&handle=hein.journals/month128&div=18&id=&page=>

13 Viðaukar

Viðauki 1

Valblað

Ungt fólk til athafna

nafn: _____

kt: _____

gsm: _____

póstnr: _____

netfang: _____

Setjið x við 3-4 valkosti.

Námsleiðir

<input type="checkbox"/>	Aðstoð hjá fagaðila v/kvíða eða vanlíðan
<input type="checkbox"/>	Aftur í nám – lesblindunámskeið - Mímir
<input type="checkbox"/>	Frumkvöðlar og stjórnun - Nýsköpunarmiðstöð
<input type="checkbox"/>	Færni í ferðapjónustu 22-29 ára - Mímir
<input type="checkbox"/>	Grunnmenntaskólinn 20-29 ára - Mímir
<input type="checkbox"/>	Grunnnám Námsflokka Reykjavíkur
<input type="checkbox"/>	Ljósmyndunarnámskeið í Hafnarfirði
<input type="checkbox"/>	Hönnun og handverk (FB)
<input type="checkbox"/>	Myndlistaskólinn í Reykjavík - Fatahönnun og silkiprykk
<input type="checkbox"/>	Myndlistarskólinn í Reykjavík - Keramik hönnun
<input type="checkbox"/>	Nám og þjálfun í almennum greinum 23-29 ára - Mímir
<input type="checkbox"/>	Prjónanámskeið - Heimilisiðnaðarskólinn
<input type="checkbox"/>	Starfsmennt - Námskeið í mannauðsstjórnun (25-29 ára)
<input type="checkbox"/>	Starfsmennt - Verkefnastjórnun (25-29 ára)
<input type="checkbox"/>	Starfsnám stuðningsfulltrúa - Starfsmennt
<input type="checkbox"/>	Studio List Kvikmyndanámskeið
<input type="checkbox"/>	Studio List Leiklistanámskeið
<input type="checkbox"/>	Stúdío Sýrland
<input type="checkbox"/>	Tækniskólinn - Vélavörður og hásetafræðsla

Valblað

Ungt fólk til athafna 16-29 ára

Framhald

<input type="checkbox"/>	Tækniskólinn - Smáskipanámskeið 12 m og styttri (pungaprófið)
<input type="checkbox"/>	Tölvunám almennt NTV og TÖV
<input type="checkbox"/>	Tölvunám Bókhaldsnám 25-29 ára - TÖV
<input type="checkbox"/>	Tölvunám Grafísk vinnsla og vefhönnun - iSoft
<input type="checkbox"/>	Tölvunám Kerfisumsjón - NTV
<input type="checkbox"/>	Tölvunám MCTS Kerfisstjórn - NTV
<input type="checkbox"/>	Tölvu og skrifstofunám - NTV
<input type="checkbox"/>	Tölvuviðgerðir - iSoft
<input type="checkbox"/>	Vefsíðugerð - NTV
<input type="checkbox"/>	Meiraprófið C1 (hluti af meiraprófi) 20-29 ára - ÖVS
<input type="checkbox"/>	Vinnuvélanámskeið - ÖVS
<input type="checkbox"/>	Vítamín 16-25 ára - Hitt Húsið
<input type="checkbox"/>	Súrefni í Hafnarfirði
<input type="checkbox"/>	Starfsnám með börnum
<input type="checkbox"/>	Sjálfbóðaliðastarf - ÍSÍ
<input type="checkbox"/>	Íþróttaklúbbur ÍSÍ
<input type="checkbox"/>	Sjálfbóðaliðastarf - Rauði krossinn
<input type="checkbox"/>	Vinnuklúbbur - Rauði krossinn
<input type="checkbox"/>	Sjálfbóðaliðastarf - Evrópa unga fólksins
<input type="checkbox"/>	Fjölsmiðjan starfsþjálfunarsetur 16-22 ára
<input type="checkbox"/>	Vinnustaðanám

Ég ætla að taka þátt:

undirskrift

Ath. Ef þú ert í námi eða í hlutastarfi þá skal snúa sér strax til ráðgjafa að loknum fundi.

Viðauki 2

Viðtalsrammi

Bakgrunnsupplýsingar

Kyn og aldur

Hvað ertu búin/n að vera lengi atvinnulaus?

Býrð þú heima?

- Ef nei, hvar

Hefur þú börn á þínu framfæri?

- Ef já hversu mörg

Hvaða menntun hafa foreldrar þínir?

Hvað varst þú að gera áður en þú varst atvinnulaus?

- Kemur úr námi eða starfi?
- Ef starfi- hvers vegna léstu af störfum?

Skólinn

Segðu mér aðeins frá skólagöngu þinni?

Hefur þú stundað nám eftir grunnskóla?

- Ef já hvernig nám?
- hvað ertu búin(n) með mikið?

Hvers vegna hættir þú námi/ hvers vegna hélstu ekki áfram námi?

Hvernig gekk þér í námi (grunnskóla og framhaldaskóla ef hóf nám þar)?

- Ef gekk illa, hver er helsta ástæðan fyrir því (spurning um lesblindu, ADHD, áhugaleysi aðrar aðstæður)

Þegar þú varst í námi fékkstu stuðning og hvatningu heima fyrir?

Hvernig nám telur þú henta þér best?

Langar þig aftur í nám?

Fékkstu stuðning og aðstoð í skólanum þegar þú varst við það að hætta í skóla (stuðning vegna námsárangurs, lélegrar mætingar eða fall í áföngum)?

- Ef já, hvernig?
- Ef nei. Hefði skólinn getað með einhverju móti komið til móts við þig þannig að þú hefðir ekki dóttið út úr skóla?

Þegar þú varst í skóla fékkstu einhverja fræðslu um vinnumarkaðinn t.d. í formi náms- og starfsfræðslu?

Ef já hvernig var þeirri fræðslu háttað?

Fórstu á kynningu í framhaldsskólana áður en þú valdir nám eftir grunnskóla?

Þegar þú varst í námi vannstu með skóla?

- Ef já, heldur þú að það hafi haft áhrif á skólagöngu þína?
- Þurftir þú að vinna fyrir þér?

Atvinnuleysið

Hvernig upplifir þú atvinnuleysið? (fiska eftir því hvort fólk sé nokkuð sátta eða hvort það því finnst þetta erfitt)

Hvað segja þínir nánustu um atvinnuleysið?

Hvað skoðun hefur þú á áttakinu Ungt fólk til athafna?

Hvernig hefur þú nýtt þér þau úrræði sem eru í boði?

- Nefna þau námskeið/úrræði sem viðkomandi hefur farið í og valdi
- Er eitthvað sem þér finnst að mætti vera betra?

Eins og staðan er hjá þér í dag, hvað finnst þér að hægt sé að gera svo þú komist aftur í vinnu eða skóla?

Hefur þú skoðun á því hvernig sé best hægt að hjálpa ungu atvinnulausu fólki svo það komist út af atvinnuleysisskránni?

Vinnumarkaðurinn

Hvernig finnst þér vinnumarkaðurinn taka á móti ungu fólki sem er að koma úr skóla?

Hvernig fékkstu síðustu vinnu?

Hvernig leið þér í síðasta starfi?

Kemur þú á atvinnueysisbætur úr starfi eða skóla?

Ef starfi- hver var ástæða starfsloka? (fiska eftir hvort það hafi verið samdráttur hjá fyrirtækinu eða hvort einhverjar aðrar ástæður hafi legið að baki / eða starfsmaðurinn sagði sjálfur upp).

Hvernig starfi hefur þú mestan áhuga á að sinna?

Hvernig finnst þér möguleikar ungs fólk á að fá áhugaverð störf vera?

Hefur þú verið dugleg/ur að sækja um störf eftir að þú vast atvinnulaus?

- Ef já hvernig störfum?
- Kemstu í viðtal/færðu svör ef þú sendir inn umsókn?
- Ef nei hvers vegna?